

KLIFUR

MÁLGAGN SJÁLFSBJARGAR LSF ♦ 1. TBL. 2010 ♦ 21. ÁRGANGUR



**Grétar
Pétur
Geirsson**

– nýr formaður
Sjálfsbjkargar í
viðtali við Klifur

5



**Valey
Jónasdóttir**
rifjar upp
fyrstu árin á
Siglufirði

16



**Aðgengi
í eldra
húsnæði**

Viðtal við
Þórarinn
Magnússon

10

E F N I S Y F I R L I T

Fréttir **4**

Grétar Pétur Geirsson, nýkjörinn formaður:
Mikilvægt að við séum með öflug félög á sem flestum stöðum á landinu **5**

Húsavík
Fyrsti fundur framkvæmdastjórnar og afmælisfagnaður **9**

Þórarinn Magnússon:
Erum að brjóta ísinn hvað varðar aðgengi í eldra húsnæði **10**

Könnun á viðhorfi almennings til Sjálfsbjargar **14**

Valey Jónasdóttir:
Sá tillöguna verða að veruleika 50 árum síðar **16**

Yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga **19**

Minning: Sigurrós M. Sigurjónsdóttir **20**

Skýrsla framkvæmdastjórnar og skrifstofu **21**

Þetta er mitt líf **26**
Rætt við Leif Sylling stofnanda ULOBA

Harpa Ingólfsdóttir:
Markmiðið er að Norðurlöndin verði með sömu merki og í framtíðinni öll Evrópa **30**

Krossgátan **31**



LIKO LYFTUBÚNAÐUR

fyrir heimili, skóla, hjúkrunarheimili, sundlaugar o.fl.

Málgagn Sjálfsbjargar

Útgefandi:
Sjálfsbjörg, lands-
samband fatlaðra.



Sjálfsbjörg, lsf
Hátúni 12, 105 Reykjavík
Sími: 5500300, fax: 5500399
mottaka@sjalfsbjorg.is

Ritstjóri:
Hilmar Karlsson – hkarls@simnet.is

Ábyrgðarmaður:
Kolbrún Stefánsdóttir
kolbrun@sjalfsbjorg.is

Hönnun og umbrot:
Leturval – leturval@litrof.is

Prentvinnsla:
Stafræna prentsmiðjan
prent@smidjan.is




Forsíðan

Litla stelpa á myndinni heitir Bjarney Guðrún Jónsdóttir og býr í Vörðutúni 5 Akureyri. Foreldrarir hennar eru Jón Heiðar Jónsson og Nanna Bára Birgisdóttir og hjálparhundurinn sem er með henni heitir Greifi. Myndin var tekin í sumar þegar Bjarney og Greifi voru að koma úr kvöldgöngu í Sporðinum í Biskupstungum, sumarþustaðalandi ömmu og afa Bjarneyjar.

Jón Eiríksson:

Eflum tengslin við félögin á ný

Seinustu árin hefur Sjálfsbjörg beitt sér fyrir því að NPA þjónusta komist á hér á landi og er það vel. Um þetta hefur verið fjallað nokkuð í þessu blaði áður og eins á fundum t.d. hjá Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. Allir sem fylgjast með „fötlunarpólitíkinni“ hér vita að hún hefur breyst mikið og var fyllilega komin tími til.



Það er mikilvægt fyrir samtökin að vera áfram í farabroddi í þessum málum og leiða þessa umræðu hér á landi. Á þingi Sjálfsbjargar nú í vor var samþykkt að standa að stofnun Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar í samvinnu við Sjálfsbjargarheimilið og þarf að fylgja því máli vel eftir. Ef þar tekst vel til þá treystir það enn undirstöður samtakanna og styrkir starfsemi þeirra.

Það má kannski til sanns vegar færa að þessi breytta sýn samtakanna bitnaði nokkuð á innri málefnum og hafa aðildarfélögin nokkuð kvartað yfir því að tengslin milli landssambandsins og þeirra hafi rofnað. Ný framkvæmdastjórn sem kosin var á síðasta þingi hefur markað sér þá stefnu að efla þessi tengsl á ný og efla félögin um land allt. Því þegar allt kemur til alls, hvað erum við annað en félögin sem að þessum samtökum okkar standa? Án þeirra væri Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra ekki til.

Í ríkiskerfinu er boðaður enn frekari niðurskurður og hvar kemur hann niður? Hann má í engu bitna á grunnþjónustu við öryrkja og fatlað fólk hér í landinu, sem ekki er beisin fyrir. Við höfum tekið á okkur nógu miklar skerðingar. Það þarf að standa fast á rétti okkar og hvergi kvika í neinu.

Sameiginlegur fundur stjórna- og nefnda

Fulltrúar úr stjórnnum og nefndum, sem kjörnir voru á þingi samtakanna í maí 2008 hittust á sameiginlegum fundi í Sjálfsbjargarhúsinu 23. apríl 2010. Þar voru ýmis mál rædd en einkum mál sem tekin voru fyrir á þingi samtakanna sem haldið var á Selfossi 28. til 30. maí 2010 svo sem yfirfærslan á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar og kjaramál fatlaðs fólks og öryrkja. Fundurinn var gagnlegur og upplýsandi fyrir þá sem mættir voru. Ljósmyndari Klifurs var á



Þáverandi formaður Sjálfsbjargar, Ragnar Gunnar Þórhallsson fyrir miðri mynd með núverandi formanni, Grétari Péttri Geirssyni og varaformanni þeirra beggja, Andra Valgeirssyni.



Jóhanna Ásgeirsdóttir sigurvegari á Minningarmóti Harðar Barðdal, þriðja frá vinstri ásamt nokkrum keppendum.

Minningarmót Harðar Barðdal

Jóhanna Ásgeirsdóttir hafði sigur úr bítum á fyrsta minningarmóti Harðar Barðdal í pútti sem fram fór á púttvöllinum við Hraunkot í Hafnarfirði. Jóhanna hafði sigur í flokki fatlaðra og fékk fyrir vikið farandbikar en héðan í frá verður minningarmót Harðar Barðdal haldið árlega í júlímánuði. Hörður Barðdal var ötull forvígismaður gólfþróttar fatlaðra á Íslandi og gegndi formennsku hjá Gólf samtökum fatlaðra til dauðadags. Þá var Hörður á meðal fyrstu afreksíþróttamanna landsins í röðum fatlaðra og fyrrum stjórnarmaður hjá Íþróttasambandi fatlaðra en hann lést í fyrra eftir baráttu við krabba-mein.

Alls voru 43 keppendur skráðir til leiks og þar af kepptu 15 í flokki fatlaðra sem flest hver hafa stundað æfingar á vegum GSFÍ undir handleiðslu Jóhanns Kristjáns Hjaltasonar í sumar. Mótið lukkaðist í alla staði vel enda brakandi blíða sem brosti við pútturum á mótinu og þá voru dætur Harðar heitins þær Fanney og Sesselja mættar til þess að afhenda verðlaun á mótinu. Systurnar kvöddu sér hljóðs og tilkynntu mótsgestum að fyrir lægi að stofna minningarsjóð Harðar Barðdals og yrði honum

komið í gagnið sem allra fyrst. Nú þegar er búið að festa annað minningarpúttmót Harðar Barðdal en það fer fram í Hraunkoti á næsta ári miðvikudaginn 13. júlí og því slétt ár sem fatlaðir jafnt og ófatlaðir púttarar fá til þess að slípa sig fyrir næsta mót.

Útvarpsstöð Götuheraðarins

Götuheraðurinn sem er sumarverkefni Ný-ung ungliðahreyfingar Sjálfsbjargar stofnaði útvarpsstöð í sumar. Um er að ræða samvinnuverkefni við Hitt húsið sem rekið er af Reykjavíkurborg. Sjálfsbjörg leggur til húsnæði fyrir útvarpstöðina í aðstöðu Ný-ungar.

Að sögn Andra Valgeirssonar gengu útsendingar ljóm- andi vel og allir mjög jákvæðir gagnvart útvarpsstöðinni. Þekktir einstaklingar komu í viðtal og má þar nefna Hemma Gunn, Ómar Ragnarsson, Ladda og margir fleiri. Útvarpsstöðin sem var á sveiflutíðninni 106.5 hefur verið lokað þar til næsta sumar.



Myndin er tekin þegar Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdarstjóri Sjálfsbjargar kom í viðtal á útvarpsstöðinni og ræddi við þá Andra Valgeirsson og Orra Karlsson.

**Grétar Pétur Geirsson,
nýkjörinn formaður Sjálfsbjargar landssambands**

Mikilvægt að við séum með öflug félög á sem flestum stöðum á landinu

Á landsþingi Sjálfsbjargar sem haldið var á Selfossi í lok maí var kjörinn nýr formaður Sjálfsbjargar, landssambands. Kosið var á milli tveggja frambjóðenda, Grétar Péturs Geirssonar, fyrrum formanns Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og Þóris Steingrímssonar, formanns Heilaheils. Grétar Pétur hafði sigur með nokkrum yfirburðum og er því nýr formaður Sjálfsbjargar. Af þessu tilefni tók Klifur Grétar Pétur tali einn fagan sumarmorgun og var hann fyrst spurður hver hann væri og hvernig uppeldi hans hafi verið háttað.

„Ég er fæddur í Kópavogi 1958 en flyt til Vestmannaeyja 1963 og ólst þar upp fram að gosi 1973 þegar ég flutti upp á land eins og sagt er í Eyjum, en flyst síðan aftur til Eyja 1975 og bjó þar næstu árin en flyt svo aftur 1982 og hef búið að mestu leyti á höfuðborgarsvæðinu síðan. Uppeldi mitt var ekki eins og annarra barna þar sem ég greindist sem ungarbarn með CP (cerapal palsy) spastíska hreyfislömun, sem kom vegna súrfeðnissskorts í fæðingu. Sjúkdómur þessi hefur orsakað fötlun mína og mín æskuár einkennast af því að ég var mikið í Reykjadal, sem mikið hefur verið til um-



Grétar Pétur Geirsson

***„Ég tel mikilvægt að Sjálfsbjörg verði
sýnilegri út á við, þá er ég að meina
upplýsingagjöf fyrir fjölmiðla og
aðra sem að málefni okkar koma og svo
ekki síst hjá almenningi.“***

fjöllunar að undanfögnu vegna þess að um tíma leit út fyrir að þyrfti að stöðva vetrarstarfsemi þar vegna peningaleysis, en sem betur hefur verið hægt að leysa það mál.

Í Reykjadal má segja að ég hafi verið öll mín æskumur frá maí og fram í ágúst, frá því heimilið var opnað 1963 og þar til ég varð fjórtán ára gamall. Reyndar var ég einnig tvo vetur í Reykjadal en þar var um tíma rekinn skóli. Þegar dvöl minni í Reykjadal lauk lá leið mín á Reykjaland og er ég þar í tvö ár eftir að hafa farið í stóra aðgerð 1973. Eftir þá aðgerð varð ég að læra að ganga upp á nýtt. Hvað varðar dvölinna í Reykjadal þá vekur hún blendnar tilfinningar, mér þótti aldrei gott að yfirgefa fjölskyldu mína, en á móti kom að það var ákaflega vel að okkur hlúð sem þar vorum og vel hugsað um alla af yndislegu fólki sem valdist í störfín.

Þegar ég flyt frá Vestmannaeyjum 1982 þá settist ég fyrst að á Selfossi en flutti fljótlega á Stór-Reykjavíkursvæðið þar sem ég hef búið síðan, bjó meðal annars í Sjálfsbjargarhúsinu í þrjú ár og bý í Kópavogi í dag. Meðan ég bjó í Sjálfsbjargarhúsinu sótti ég í tölvunám og hef starfað í bókhaldi nánast allan minn starfsaldur. Undan-



Grétar ásamt unnustu sinni Bryndísi Fjöl意思dóttur og dóttur þeirra Arndísi Önnu. Fyrir á Grétar sex börn, Kristínu, Evu og Guðröði og þríburana Dagnýju, Díönu og Geir Grétar.

farin tólf á hef ég starfað hjá Benedikti Þór Jónssyni endurskoðanda.“

Félagsmálin

Grétar Pétur segir að hann hafi fljótt fengið mikinn áhuga á félagsmálum: „Ég varð snemma félagsinnaður og vildi skipta mér að málum sem vöktu áhuga minn. Það er þó ekki fyrr en fyrir um það bil fjórtán árum sem ég fer að starfa í félagsmálum af einhverri alvöru á vegum Sjálfsbjargar, en hef starfað þar sleitulaust síðan, hóf störf mín í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu þar sem ég endaði sem formaður, en er nú kominn til landsambandsins. Ég byrjaði sem varamaður í stjórn Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu varð fljótt gjaldkeri og síðan formaður.

Það sem er mér eftirminnilegast í starfi mínu fyrir Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu er sá viðsnúningur á fjármálum félagsins sem við náðum. Þegar ég kem inn í stjórnina er félagið nánast gjaldþrota, skuldar margar milljónir. Við fórum í

aðgerðir til að snúa dæminu við sem tókst og þau ár sem ég var formaður þá skilaði félagið hagnaði og eigið fé félagsins um síðust áramót var 16 milljónir króna.

Ég fékk mikla reynslu í félagsstörfum þau ár sem ég starfaði fyrir Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er fjölmennt félag þó ekki sé það eins fjölmennt og þegar félagar voru sem flestir, en fyrir fáum árum voru félagar 1600, en við fórum svo í að grísa félagatalið og fella af félagskrá þá sem höfðu ekki borgað í þrjú ár og í dag er félagatalan nálægt 1000 manns. Starf mitt með Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki aðeins verið mikill skóli fyrir mig í félagsstörfum heldur einnig mjög skemmtilegt starf. Í félaginu er mikil félagsstarfsemi í gangi upp á gamla móðinn, sem ég tel af hinu góða, erum við meðal annars með félagsvist, bingó, bridge og tafl á kvöldin og má geta þess að einn stærsti bridgeklúbbur landsins er hjá Sálfsbjörg og er yfirleitt spilað á tíu til fjórtán borðum á mánudagskvöldum.

Samhliða félagsstörfum í Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu hef ég setið í stjórn Öryrkjabandalagsins frá því í fyrra, er gjaldkeri og var einnig gjaldkeri landsambandsins áður en ég varð formaður. Ég kem því mikið að málefnum öryrkja hvar sem þeim ber niður og má segja að áhugi minn sé alltaf að aukast á málum sem tengjast fötludum enda mikið verið um að vera í þeim málum og í mörg horn að líta.“

Baráttumálin

Grétar Pétur tekur fram að hann taki við mjög góðu búi af Ragnari Gunnari Þórhallssyni: „Ég vil taka það sérstaklega fram að Ragnar Gunnar skilar hér gríðarlega góðu starfi. Hann var mjög öflugur formaður og er einn öflugasti talsmaður fatlaðra sem við eigum í dag og við sem kosinn vorum í nýja stjórn munum halda áfram því starfi sem skipti hann svo miklu máli og er gott að eiga að jafn öflugan mann sem hægt er að leita til.

Meðal baráttumála sem helst standa upp úr í dag má nefna Notendastýrða persónulega aðstoð og nú er búið að stofna félag sem farið er að vinna í þeim málum. Hvað varðar sjálfan mig þá nota ég sjálfur slíka þjónustu og hef gert í sjö mánuði. Mér var sagt þegar ég fékk mína þjónustu að þá hafi aðeins tveir aðilar verið með slíka þjónustu, en þegar þessi orð eru töluð þá eru sautján aðilar með slíka þjónustu þannig að mikil gangur er í þessum málum. Þá tel ég að það þurfi að snúa sér af mikilli festu að aðgengismálum, skerpa á þeim, en mér hefur fundist áhersla á þau aðeins legið niðri en þetta er mál sem meðal annars varð til þess að Sjálfsbjörg var stofnuð á sínum tíma. Aðgengismálin eiga heima hjá okkur, við erum hreyfihömluð og þurfum á góðu aðgengi að halda.

Þá er eitt stærsta málið sem viðkemur fötluðum í dag yfirfærslan á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga sem við erum vakandi yfir. Þar sem ég kem til með að vera í 15% starfi á skrifstofunni þá mun yfirfærslan vera eitt af þeim málum sem ég mun huga vel að. Það eru skiptar skoðanir um þetta mál en þetta er alltaf spurning um fjármagn og eru margir efins um að sveitarfélögin geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart fötluðum. Mörg sveitarfélög eru ekki hrifin af þessari ráðstöfum þar sem þau eru ekki í stakk búin að taka við fólkinu og kosta þeirra þarfir.

Við hjá Sjálfsbjörg höfum bent á að besta lausnin sé að fjármagnið fylgi einstaklingnum þannig að einstaklingurinn hafi val. Segjum að fatlaður einstaklingur vilji flytja frá Reykjavík til Bolungarvíkur þá fylgi honum það fjármagn sem hann fékk hér í borginni til Bolungarvíkur til að hægt sé að kosta sömu aðstoð og hann hafði í Reykjavík. Í sveitarfélagi þar sem fjármagn er af skornum skammti getur fatlaður maður orðið baggi á sveitarfélaginu og það vill enginn, síst sá sem er fatlaður. Þessi fjármagnsskortur minni sveitarfélaga hefur gert það að verkum að á undanförunum árum hafa margir fatlaðir flutt úr sinni heimabyggð til höfuðborgarsvæðisins þar sem þessum málum er sinnt mun betur heldur en í fámennu sveitarfélagi. Þetta á ekki að vera svona, fatlaður einstaklingur á að geta búið í því bæjarfélagi sem hann vill og notið sömu þjónustu alls staðar. Þetta er það sem við erum hrædd um að gangi ekki almennilega upp með tilfærslunni og einstaklingurinn þurfi að standa í miklu stabbi við að fá

fjármagn til að geta búið í því bæjarfélagi sem hann óskar. Og ef þjónustan mun ekki batna verulega út á landi þá verður engin breyting á, fatlað fólk mun flytja á höfuðborgarsvæðið þar sem þjónustan er, þróun sem við teljum ekki heppilega.“

Styrkja félögin úti á landi

Sjálfsbjargarfélögin úti á landi eru ofarlega í huga Grétars Péturs. „Þegar við lítum til félaganna á landsbyggðinni þá þarf að byggja þau upp mörg hver og koma lífi í þau félög sem eru með litla eða enga starfsemi. Þegar best lét fyrir ekki svo mörgum árum síðan þá voru sautján félög starfandi en því miður eru það ekki nema átta eða níu félög sem eru með einhverja starfsemi í dag. Og í ljósi þeirra breytinga sem verða með yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga um næstu áramót þá tel ég mikilvægt að við séum með öflug félög á sem flestum stöðum á landinu. Og tel ég að aldrei hafi verið jafn mikil þörf á að efla félögin þar sem mun reyna mikið á samskipti félaganna við sveitarfélögin til að ná sínu fram. Sjálfsbjörg, landssamband hefur það, sem önnur félög innan Öryrkjabandalagsins hafa ekki, sem eru aðildarfélögin úti á landi. Þetta þarf Sjálfsbjörg að nýta sér og verður farið í markvissa vinnu til að koma félögunum í gang aftur og gera þau virk innan landssambandsins og ég tel mig meðal annars vera kosinn formaður til að efla félögin úti á landi. Það er ákall frá fötluðu fólki úti á landi um að það vilji að því sé sinnt og á áætlun hjá okkur er að fara í heimsókn til félaganna á landsbyggðinni og funda með formönnum þeirra og einhverjum úr bæjarstjórn, en mjög mikilvægt er að einn úr bæjarstjórn sitji fund þar sem farið er yfir mál viðkomandi félags.

Eitt annað sem vert er að minnast á sem ég tel mikilvægt og það er að fara að vinna í því að Sjálfsbjörg verði sýnilegri út á við, þá er ég að meina upplýsingagjöf til fjölmiðla og aðra sem að málefni okkar koma og svo ekki síst upplýsingagjöf til almennings. Umræðan hefur verið mikið innanbúðar hjá okkur en við þurfum láta heyra meira í okkur meðal almennings og láta vita hvað er að gerast hjá Sjálfsbjörg. Til að sinna þessum málum getur vel komið til greina að ráða starfsmann úmbundið til að sinna þessum málum og fylgja þeim eftir.“

Sjálfsbjargarhúsið hefur verið í umræðunni, hver er skoðun Grétars Péturs, sem fyrrum íbúi í Sjálfsbjargahúsinu, á

framtíð þess. „Það var til umræðu fyrir þremur til fjórum árum að selja húsið þar sem mikillar lagfæringa og viðgerða er þörf. Ekki fór sú umræða langt og við erum enn með húsið sem enn þarfnast ýmissa kostnaðarsamra lagfæringa, en fólkinu sem þar býr líður vel þrátt fyrir að herbergin alls ekki boðleg í nútíma þjóðfélagi, en það liggur ljóst fyrir að það þarf að fara í heilmikið viðhald og ekki eru til peningar til þess. Það er komin tími á ýmsar framkvæmdir sem koma til með að kosta tugi miljóna.. Ástandið í þjóðfélaginu gefur okkur ekki miklar vonir um vera bjartsýn á fá styrki og fyrirgreiðslu en eins og hjá mörgum öðrum félögum þá hefur ástandið í peningamálum þjóðarinnar haft áhrif á okkar starfsemi.“

Tók áskoruninni

Grétar Pétur er spurður hvað kom til að hann fór í framboð til formanns Sjálfsbjargar, landssamband. „Einhver varð að gera það. Ég steig nú reyndar ekki fram af sjálfspáðum. Það var leitað til mín á þeim tíma sem ég var að velja því fyrir mér að taka mér frí frá stjórnarstörfum í landssambandinu og vera aðeins hjá félaginu á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem leituðu til mín voru formenn utan af landi. Mér þótti ákaflega vænt um þessa beiðni og fannst ég ekki getað neitað áskoruninni en tók samt þrjá mánuði til að ákveða mig og lét síðan slag standa.“

Mikill tími hjá Grétari Pétri fer í félagsmálin en hann hefur önnur áhugamál einnig. „Ég á unnustu sem heitir Brynhildur Fjöl意思dóttir og eigum við eina yndislega stúlku sem er sjö mánaða og ég reyni að sjálfsögðu að sinna fjölskyldunni eins vel og ég get og fjölskyldan er alltaf ofarlega í huga mínum. Svo hef ég mjög gaman af öllum íþróttum, sérstaklega fótbolta og þótt ég sé ekki íþróttamannlega vaxinn þá afrekaði ég það að stofna knattspyrnufélag árið 1989. Það var í Þorlákshöfn og félagið heitir Ægir og er enn til og leikur í neðri deildum. Ég var formaður félagsins í nokkur ár og hafði mjög gaman af. Þorlákshöfn og Eyrarbakki sameinast í félaginu og fylgdist ég enn með félaginu í dag en þegar á heildina er litið snýst minn frítími meira og minna um félagsstörfin og ég vil taka það fram að ég er mjög heppinn hvað varðar nýja stjórn landsambandsins og tel ég hana vera skipaða frábæru og hæfileika ríku fólki sem gaman og spennandi verður að vinna með á næstu árum.“

– Takk fyrir veittan stuðning –

REYKJAVÍK ▼

ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns,
Eyjarslóð 9
Arkform, T.G.M. ráðgjöf, Ármúla 38
Arkitektastofan OG ehf, Skúlatúni 2
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2
Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
B.K.flutningar ehf, Krosshömrum 2
Bifreiðabyggingar sf, Tangarhöfða 5
Bilaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Bilasala Íslands ehf, Skógarhlíð 10
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2 A
Bóksala kennaranema, Menntavísindasvið HÍ Stakkahlíð
Bónus, Skútuvogi 13
Brauhúsið ehf, Efstalandi 26
Bræðurnir Ormsson ehf, Siðumúla 9
BSRB, Grettisgötu 89
Dún- og fiður ehf, Laugavegi 87
Efnamóttakan hf, Gufunesi
Eignamiðlun, Siðumúla 21
Endurskoðendabjónustan ehf, Skipholti 50d
Endurskoðun og reikningskil hf, Stangarhyl 5
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Farfuglar, Borgartúni 6
Félag eggjaframleiðenda - Hildur Traustadóttir,
Bændahöllinni
Félag íslenskra bifreiðaeigenda, Borgartúni 33
Félag skráðgarðyrkjumeistarara www.meistari.is,
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fiskmarkaðurinn veitingahús, Aðalstræti 28
Fjallabak ehf, Skólavörðustíg 12
Fjölver hf, oliurannsóknir, Hólmaslóð 8
Forum lögmenn ehf, Aðalstræti 6
Frumherji hf, Hesthálsi 6-8
Fröken Júlía ehf, Mjódd
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Glófaxi hf, Ármúli 42
Gluggahreinsun Loga, Funafold 4
Gluggasmíðjan hf, Viðarhöfða 3
Grásteinn ehf, Grímshaga 3
Gull og silfur ehf, Laugavegi 52
Gústaf Þór Tryggvason, Tjarnargötu 10d
Harald og Sigurður ehf, Stangarhyl 6
Hárgreiðslustofan Stubbalubbar, Barðastöðum 1-3
Heilsunrunnir ehf, Kirkjuteigi 21
Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66
HM Bókhald ehf, Kringlunni 7
Húsalagnir ehf, Gylfaflöt 20
Húsasmiðurinn ehf, Hjarjarhöfða 6
Hvítist hf, Krókhálsi 3
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Ice Consult ehf, Mörkinni 6
Iceland Excursion ehf, Hafnarstræti 20
Iceland Seafood ehf, Köllunarklettsvegi 2
Innheimtustofa Reykjavíkur, Borgartúni 25
Innes ehf, Fossaleyni 21
Íslandsbanki ehf, Háaleitisútbú, Háaleitisbraut 58-60
Íslandsþóstur hf, Stórhöfða 29
Ísleifur Jónsson ehf, Draghálsi 14-16
Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf, Bildshöfða 12
Ísól ehf, Ármúla 17
Ís-spor ehf, Siðumúla 17
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
Jón Ásbjörnsson hf, Fiskislóð 34
Káþólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16

Kemis ehf, Breiðhöfða 15
Kjaran ehf, Siðumúla 12-14
Kjartan Gunnarsson, Starhaga 4
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
KOM almannatengsl, Borgartúni 20
Kólus ehf, Tunguhálsi 5
Kraftur hf, Vagnhöfða 1
Kristján G. Gíslason ehf, Hverfisgötu 6a
Lagnalagerinn ehf, Fosshálsi 27
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landsamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
Láshúsið ehf, Bildshöfða 16
Leðurverkstæðið Víðimel 35 sf, Víðimel 35
Lindín, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Listasafn Hótel Holt ehf, Bergstaðastræti 37
Litla kaffistofan, Suðurlandsvegi
Loftstökkahreinsun.is: 5670882 og 8933397,
Garðhúsum 6
Lyfjaver ehf, Suðurlandsbraut 22
Lögmansstofa Arnórs Halldórssonar ehf, Lág múla 7
Lögmansstofa Réttur, Klapparstíg 25-27
Malbik og völtun ehf, Hrísríma 33
Markaðsráð kindakjöts, Bændahöllin v/ Hagatorg
MD vélar ehf, Vagnhöfða 12
NM ehf, Brautarholti 10
Nýi ökuskólinn ehf www.meiraprof.is, Klettagörðum 11
Oddgeir Gylfason, tannlæknir, Vínlandsleið 10
Oliudreifing ehf, Gelgjutanga
ORKUVIRKI ehf, Tunguhálsi 3
Ostabúðin, Skólavörðustíg 8
Ó. Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1
Ólafur Gústafsson hrl., Kringlunni 7
Parlogis hf - Lyfjadreifing ehf, Krókhálsi 14
Pixel ehf www.pixel.is, Brautarholti 10-14
Plúsmarkaðurinn, Hátúni 18b
Pottþétt ehf, Hjallalandi 30
Pökkun og flutningar ehf, Smiðshöfða 1
Rafha ehf, Suðurlandsbraut 16
Rafsól ehf, Skólavörðustíg 30
Rafsvið sf, Haukshólum 9
Raftúni ehf, Grandagarði 16
Rannsóknarþjónustan Sýni ehf, Lynghálsi 3
Rarik ehf, Bildshöfða 9
Samhjálp, Stangarhyl 3a
SÍBS, Siðumúla 6
Sjómannaþingráð, Laugarási Hrafnistu
Sjómannafélag Íslands, Skipholti 50d
Skólavefurinn.is, Laugavegur 163
Stilling ehf, Kletthálsi 5
Stólpi ehf, Klettagörðum 5
Stúdíó Stafu ehf, Ingólfsstræti 6
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sveinsbakari, Arnarbakka 4-6
T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar, Siðumúla 25
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Þangbakka 8
Teiknistofan Óðinstorgi verkfræðideild, Óðinsgötu 7
Tryggingamiðlun Íslands ehf, Siðumúla 21
Tölvar ehf, Siðumúla 1
Umslag ehf, Lág múla 5
V.R., Kringlunni 7
Varahlutaverslunin Kistufell, Brautarholti 16
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Verslunin Fríða fráenka, Vesturgötu 3
Vesturborg ehf, Ásvallagötu 19
Vélsmiðjan Harka hf, Hamarshöfða 7
Við og Við sf, Gylfaflöt 3

Víkurvagnar ehf, Dvergshöfða 27
www.ibudagisting.is, Siðumúla 14, 2. hæð
Ögurvík hf, Týsgötu 1

SELTJARNARNES ▼

Prentsmiðjan Nes ehf, Hrólfsskálavör 14
Tannlæknastofa Ragnars Ó Steinarssonar ehf,
Eiðistorgi 15
Önn ehf, verkfræðistofa, Eiðistorgi 15

VOGAR ▼

V.P.vélaverkstæði ehf, lóndal 6

KÓPAVOGUR ▼

Átak ehf bílaleiga, Smiðjuvegi 1
Barki ehf, Nybýlavegi 22
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf, Skemmuvegi 34
Bilvogur ehf, Auðbrekku 17
Blikkform ehf, Smiðjuvegi 52
Bókun sf endurskoðun, Hamraborg 1
Debenhams á Íslandi ehf, Hagasmára 1
dk hugbúnaður ehf., www.dk.is, Hlíðasmára 17
Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Járnsmiðja Óðins ehf, Smiðjuvegi 4b
Kópavogsbær, Fannborg 2
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
Logey ehf, Vesturvör 7
Lögmansstofa SS ehf, Hamraborg 10
Marás ehf, Akralind 2
Nobex ehf, Hlíðarsmára 6
Rafholt ehf, Smiðjuvegi 8
Smurstöðin ehf, Dalvegi 16a
SR múr ehf, Lauffrekku 19
Söluturninn Smári, Dalsvegi 16c
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf,
Smiðjuvegi 11
Vaki fiskeldiskerfi hf, Akralind 4
Vegurinn, Smiðjuvegi 5
Verkstjórasamband Íslands, Hlíðarsmára 8
Vidd ehf, flísaverslun, Bæjarlind 4

GARÐABÆR ▼

Árvík hf, Garðatorgi 3
Geislataekni ehf Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
Hafnasandur sf, Birkiáasi 36
Húsgögn ehf smiðastofa og viðgerðir, Gilsbúð 3
Latið ehf, Miðhrauni 4
Loftorka Reykjavík hf, verk taki, Miðhrauni 10
Véla- og skipaþjónustan Framtak ehf, Vesturhrauni 1

HAFNARFJÖRDUR ▼

Aðalskoðun hf, Pósthólf 393
Blikksmiði ehf, s: 5654111 blikksmiði@simnet.is,
Melabraut 28
Eiríkur og Einar Valur hf, Breiðvangi 4
Fjarðarmót ehf, Bæjarhrauni 8
Gullfari ehf, Vesturholti 2
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhelli 1
Hvalur hf Hafnarfirði,
Höfn öldrunarmiðstöð, Sólvangsvegi 1
Ísmenn ehf, pípuagnir, Selhelli 5
Meta-Járnsmiði ehf, Dalshrauni 16
Pappír hf, Kaplahrauni 13
Rafgeymasalan ehf, verkstæði, Dalshrauni 17
Sjúkraþjálfarinn ehf, Strandgötu 75
Stálskip ehf, Trönuhrauni 6
Varma & Vélaverk, Dalshrauni 5
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Verkþjónusta Kristjáns ehf, Reykjavíkurvegi 68

Ný framkvæmdastjórn hélt sinn fyrsta fund á Húsavík. Ekki gátu allir stjórnarmenn mætt en mætt voru Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, Þorbera Fjölinsdóttir, Grétar Pétur Geirsson, formaður Sjálfsbjargar Isf og Anna Torfadóttir. Með þeim á myndinni er Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar.



Fyrsti fundur framkvæmdastjórnar og afmælisfagnaður

Ný framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar Isf hélt sinn fyrsta fund á Húsavík 27. júní s.l. í húsnæði Sjálfsbjargarfélagsins að Árgötu 23. Tilfni ferðar þangað var að heiðra Sjálfsbjörg á Húsavík og nágrenni sem átti 50 ára afmæli þann 20. júní sl.

Afmælisfagnaður var svo 27. júní á Fosshótelinu á Húsavík. Þar var boðið upp á veitingar ýmiskonar, ræður og skemmtiatriði. Núverandi formaður Húsavíkurfélagsins, María Óskarsdóttir, fór yfir sögu félagsins og stöðu mála eins og þau blasa við í dag.

Grétar Pétur Geirsson nýr formaður

samtakanna ávarpaði gesti og færði félaginu árnáðaróskir og þakkir. Hann lýsti því í ræðu sinni að aukin áhersla yrði lögð á það, í nýrri stjórn, að efla félögin, auka samskiptin við þau og vinna að því að endurvekja þau sem væru minna virk en önnur. Hann gat um mikilvægi þess nú þegar málefni fatlaðra væru að færast til sveitarfélaganna og minnti á ályktun á síðasta þingi um þau skilyrði sem uppfylla þurfi, að mati samtakanna, til að réttlæta yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga. Ályktunin í heild er birt á öðrum stað í blaðinu.

Á 50 ára afmælinu voru tveir aldraðir




María Óskarsdóttir, formaður Sjálfsbjargar á Húsavík í ræðustól. Hún fór yfir sögu félagsins og stöðu mála eins og þau blasa við í dag.



Glæsilega afmælisterta með tilvísun í eitt helsta baráttumál Sjálfsbjargar beið þess að gestir brögðuðu á henni.

Sjálfsbjargarfélagar, Brynjar Halldórsson og Hermann Larsen sæmdir gullmerki landssambandsins. Báðir hafa þeir unnið fyrir félag sitt hátt í aldrarfjórðung af heilindum og förnfýsi. Það var formaður Sjálfsbjargar, Grétar Pétur Geirsson, sem veitti þeim heiðursmerkin. Hermann var einn af stofnendum félagsins á Akureyri en báðir hafa þeir verið í stjórnarstörfum fyrir félag sitt á Húsavík um langt árabil. Þeim eru þökkúð störf í þágu Sjálfsbjargar og óskað velfarnaðar á ókomnum árum.

ÞÓRARINN MAGNÚSSON FORSTÖÐUMAÐUR HJÁ
FRAMKVÆMDAÐEILD FÉLAGSBÚSTAÐA FÉKK
VIÐURKENNINGU SJÁLFSBJARGAR FYRIR BARÁTTU
SÍNA VIÐ KERFIÐ UM ENDURBÆTUR Á ELÐRA
HÚSNÆÐI OG SKÝRSLU SEM HANN HEFUR GERT UM
AÐGENGISMÁL Á NORÐURLÖNDUM



Erum að brjóta ísinn hvað varðar aðgengi í eldra húsnæði

Sjálfsbjörg Isf hefur árlega haldið upp á alþjóðadag fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum, sem er 3. desember, með því að veita stofnunum og fyrirtækjum viðurkenningar fyrir gott aðgengi. Í fyrra var breytt út af þeirri venju og verðlaunin veitt vegna hugarfars og viðhorfa viðkomandi aðila. Þórarinn Magnússon forstjóri Framkvæmdadeild Félagsbústaða fékk viðurkenningu fyrir baráttu sína við kerfið um endurbætur á eldra húsnæði og skýrslu sem hann hefur gert um aðgengismál á Norðurlöndum. Einnig voru Búmenn verðlaunaðir fyrir gott aðgengi í hönnun og frágangi bygginga sinna. Þórarinn var vel að verðlaununum kominn enda hefur hann haft forystu hér á landi um aðgengismál og skýrsla hans um aðgengismál á Norðurlöndum vakti mikla athygli, ekki bara hér á landi heldur einnig á hinum Norðurlöndunum og vildu Svíar til að mynda fá hana þýdda á sænsku, sem var gert. Í dag stendur Þórarinn í stórræðum við endurnýjun á íbúðum og stigagöngum í tveimur blokkum á Meistaravöllum sem eru í eigu Félagsbústaða.

Náms- og kynnisferð um Norðurlöndin

„Það sem gerði að verkum að ég fór í ferð um Norðurlöndin til að skoða aðgengismál var meðal annars að við hjá Félagsbústöðum höfðum í vaxandi mæli fundið fyrir því að erfiðara var orðið að leigja út íbúðir á efstu hæð fjölbýlishúsa, þar sem

engar lyftur voru, fjölbýlishús sem eru fjórar hæðir og átta þessir erfiðleikar ekki aðeins við um efstu hæðina, heldur einnig þriðju hæðina. Ekki er ástæðan eingöngu sú að þeir sem voru að sækja um íbúð væru hreyfihamlaðir eða eldri borgarar sem treysta sér ekki að fara upp stiga, heldur einnig barnafjölskyldur sem setta sig ekki við að ganga upp stiga með barn í annarri hendi og innkaupapoka í hinni hendinni.

Ég er búinn að vera í um það bil tuttugu ár í stjórn Norrænu húsnæðissamtakanna (NBO) og hef fylgst vel með umræðunni um aðgengismál á þeim vettvangi og vissi hvað var efst á baugi hjá félögum innan samtakanna hvað varðar úrbætur á eldra húsnæði með aðgengi að leiðarljósi, en vissi ekki nákvæmlega hvað var um að vera í hverju landi fyrir sig þannig að ákveðið var að ég nýtti mín eftirmenntunarréttindi og fór í ferð til allra Norðurlandanna þar sem ég kynnti mér hvað gert hefur verið í þessum málum og hver staðan var. Naut ég þess að hafa góð tengsl á Norðurlöndunum við menn sem hafa setið með mér í stjórn NBO þannig að ferðin gekk mjög vel fyrir sig. Fékk ég alls staðar mjög góða fyrirgreiðslu hjá húsnæðisfélögum sem höfðu staðið fyrir endurbótum á eldra íbúðarhúsnæði. Ég heimsótti ekki aðeins húsnæðisfélög heldur einnig háskóla, rannsóknarstofnanir og opinbera aðila til að afla mér gagna. Þetta var snemma árs 2006, hóf ferðalagið í febrúar og kom heim í maí og byrjaði

strax í framhaldi að skrifa skýrsluna sem kom út um mitt sumar.“

Þórarinn segir að áhugi á skýrslunni sem heitir Staða aðgengismála á Norðurlöndum hafi verið mikill. „Áður en skýrslan kom út var orðin eftirspurn eftir henni innan úr kerfinu og mikið spurt um hana. Páverandi borgarstjóri, Vilhjálmur Vilhjálmsson, hafði t.d. sérstakan áhuga á skýrslunni og fékk hana senda til sín í handriti áður en hún kom út. Í upphafi var ákveðið að gefa skýrsluna út í 50 eintökum en í dag hafa verið prentuð 350 eintök og eftirspurnin er enn fyrir hendi. Það þarf engan að undra að áhugi á aðgengismálum sé að aukast hér á landi, við erum langt á eftir öðrum Norðurlöndum í þessum málum sem ég vissi vel um áður en ég fór í ferð mína.“

Stefnubreyting

Í kjölfarið á útkomu skýrslunnar voru teknar ákvarðanir hjá Félagsbústöðum sem byggðu á niðurstöðum skýrslunnar. „Við breyttum okkar stefnu varðandi nýbyggingar og tókum ákvaðarnir um að allar þær byggingar sem byggðar yrðu frá árinu 2006 yrðu með fullkomnu aðgengi fyrir alla, að allar íbúðarhúsnæðisbyggingar hversu margar hæðir sem þær eru væru útbúnar á þann veg að fullkomið aðgengi sé fyrir hjólastóla. Við höfum svo framfylgt þessu í tveimur nýlegum byggingarverkefnum, öðru á Kleppsveginum og hinu í Furugerði. Þetta eru ekki stórar einingar en með fullkomnu aðgengi.

Húsið á Kleppsveginum er ekki nema tvær hæðir en er samt með lyftu.

Einnig fórum við að velta fyrir okkur eldra húsnæði, hvað við gætum gert til að bæta aðgengi í þeim og okkar lausnir eru byggðar á skýrslunni. Segja má að ekki sé mikill vandi að taka ákvarðanir um aðgengi fyrir nýtt húsnæði, húsnæði sem á eftir að byggja. Kostnaðurinn verður að sjálfsögðu meiri, e.t.v. um 5%. Með eldra húsnæði er dæmið mun flóknara. Við vitum hvað hefur verið gert á hinum Norðurlöndunum og vitum hvernig húsnæði er hægt að breyta. Sumum fjölbýlishúsum er ekki hægt að breyta, aðstæður bjóða ekki upp á það nema byggð sé viðbygging eins og hefur verið gert við einstaka hús á Norðurlöndum þar sem lyftur hafa verið settar að utanverðu.

Í framhaldinu fórum við að skoða húsnæði í okkar eigu sem myndi henta til slíkra breytinga og okkar niðurstaða var að hefja breytingar í tveimur blokkum á Meistaravöllum sem þurftu á endurnýjun að halda. Ákveðið var að setja smályftur í stigaganga og um leið mjókka stigana og þannig er verið að gera í einum stigagangi í annarri blokkinni sem við erum að endurnýja á Meistaravöllum. Hin blokkin fer síðar í samskonar aðgerð.”

Barátta við kerfið

Fyrirfram var vitað að sú aðgerð að setja smályftu í stigagang á eldra húsnæði myndi stangast á við gildandi ákvæði í reglugerð, en þau miðast flest við nýbyggingar. „Þetta hefur hins vegar verið gert á öllum Norðurlöndunum og við höldum fyrst að ekki yrði mikil fyrirstaða hér á landi, en annað kom í ljós og stóðum við í baráttu í þrjú ár við að fá leyfi til að setja lyftuna í stigaganginn. Leyfið kom ekki fyrir en í vor og má þakka Magnúsi Sædal byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar að við gátum hafið framkvæmdir, en það var hann sem tók af skarið og leyfði okkur að fara út í þessa framkvæmd þrátt fyrir mótmæli sumra embættismanna.

Það var sérstaklega brunamálastjóri sem setti sig upp á móti að setja lyftu í blokkina. Höfum við setið ótal fundi með embættismönnum og barist fyrir því að fá undanþágu frá reglum en ekkert miðaði áfram fyrr en Magnús gaf okkur grænt ljós á að við mætum setja lyftu í stigaganginn á Meistaravöllum.

Að mínu mati byggist mótþróinn gegn framkvæmdinni á vankunnáttu og mis-skilningi. Þarna var verið að gera eitthvað sem aldrei hafði verið áður gert hér á landi og var um hreina og beina tregðu í kerfinu

við að leyfa breytingu á stigagangi, tregða gagnvart nýjungum. Því var meðal annars borið við að stigarnir yrðu svo mjóir að erfitt væri að flytja húsgögn á milli hæða og að sjúkraflutningamenn gætu ekki komist upp og niður svo mjóa stiga með börur. Við vorum ekki lengi að afsanna þessar kenningar og fengum meðal annars sjúkraflutningamenn til að koma með börur og leggja mat á aðstæðurnar. Til að það væri hægt þrengdum við eitt stigahús með spónaplötum þannig að stiginn var í þeirri breidd sem hann yrði þegar lyftan væri komin. Þannig gátu sjúkraflutningamenn metið aðstæður og allir sem einn sögðu að ekkert mál væri að fara með börurnar upp og niður stigann þó hann yrði mjókkaður. Varðandi húsgögnin þá eru stórar svalir á hverri íbúð með víðum dyrum sem hægt er koma stórum hlutum upp með því að hífa þá. Svo held ég að enn eitt hafi staðið okkur fyrir þrífum sem er að sumir embættismenn virtust ekki trúá þeim upplýsingum sem eru í skýrslunni og gera það kannski ekki enn.

Þegar við fórum fyrst fram á undanþágu voru fjórir aðilar sem gáfu umsagnir um verkefnið, þrjár voru jákvæðar, en neikvæð afstaða brunamálastjóra gerði það að verkum að ráðuneytið treysti sér ekki



Nýleg og glæsileg tveggja hæða fjölbýlishús við Kleppsveginn sem er í eigu Félagsbústaða og er m.a. með lyftu.

– Takk fyrir veittan stuðning –

Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar ehf,
Reykjavíkurvegi 70

ÁLFTANES ▼

Ferskiskur ehf, Bæjarhrauni 8
Járnbrá ehf, Blikastíg 6

REYKJANESBÆR ▼

B & B Guesthouse, Hringbraut 92
DMM Lausnir ehf, lðavöllum 9b
Fitjavík ehf, Fitjum
Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar,
Hafnargötu 57
Hjalti Guðmundsson ehf, lðavöllum 1
Nesraf ehf, Grófin 18a
Reiknistofa fiskmarkaða hf, lðavöllum 7
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, lðavöllum 12
Sjúkraþjálfun Suðurnesja ehf, Hafnargötu 15
Skipting ehf, Grófinni 19
Skólar ehf, Klettatröð 2314
Starfsmannafélag Suðurnesja, Krossmóum 4
Tækniúv ehf, Grófinni 14b
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

GRINDAVÍK ▼

Veidafærþjónustan ehf, Ægisgötu 3
Grímsnes ehf, Hafnargötu 31
Stakkavík ehf, Bakkalág 15b
Vísir hf, Hafnargötu 16
Porbjörn hf, Hafnargötu 12

SANDGERÐI ▼

Verk- og tölvuþjónustan ehf, Holtsgötu 24
Pensla ehf, Strandgata 26

MOSFELLSBÆR ▼

Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Ísfugl ehf, Reykjavægi 36
Kjósarhreppur www.kjos.is, Ásgarði
Réttingaverkstæði Jóns B. ehf, Flugumýri 2
Skálatúnsheimilið,
Vélsmiðjan Orri ehf, Flugumýri 10

AKRANES ▼

Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar, Dalbraut 6
Ehf, Álmskógum 1, Álmskógum 1
Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar, Kirkjubraut 28
Steðji ehf vélsmiðja, Vogabraut 28
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4
GT Tækni ehf, Grundartanga

BORGARNES ▼

Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Böðvarsgötu 11
Sæmundur Sigmundsson ehf, Brákarey
Vélaverkstæði Kristjáns ehf, Brákarbraut 20
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hjarðarfelli 2
Félagsbúið Mófellsstöðum sf, Mófellsstöðum

STYKKISHÓLMUR ▼

Heimahornið ehf, Borgarbraut 1
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild, Sundabakka 1
Sæfell Sæmundarpakkhús, Stykkishólmi, Hafnargötu 9
Tindur ehf, Hjallatanga 10
Verkstjórafélag Snæfellsness, Skólastíg 15

GRUNÐARFJÖRÐUR ▼

Berg - vélsmiðja ehf, Ártúni 4

ÓLAFSVÍK ▼

Fiskiðjan Bylgja hf, Bankastræti 1
Steinunn ehf, Bankastræti 3

HELLISSANDUR ▼

Hraðfrystihús Hellissands hf, Hafnarbakka 1
Sjávariðjan Rífi hf, Hafnargötu 8

BÚÐARDALUR ▼

K.M. Þjónustan ehf, Vesturbraut 20

REYKHÓLAHREPPUR ▼

Glaðir, blómaburður sími: 866 9386, Hellisbraut 18

ÍSAFJÖRÐUR ▼

Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7
Ísblikk ehf, Árnagötu 1
Kjöler ehf, Urðarvegi 37
Stál og Hnífur ehf, Pósthólf 250
Tréver sf, Hafraholti 34

BOLUNGARVÍK ▼

Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12
Brún ehf, Móholti 6
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf,
Hafnargötu 12
Fjalla Eyvindur ehf, Móholti 8
Glaður ehf, Traðarstíg 1
Málningarlagerinn sf, Heiðarbrún 1
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17

PATREKSFJÖRÐUR ▼

Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, Stekkum 1
Vestri hf - Oddi, Eyrargötu
Flakkarinn ehf, Brjánslæk

TÁLKNAFJÖRÐUR ▼

Þórberg hf, Strandgötu

PINGEYRI ▼

Brautin sf, Vallargötu 8

STAÐUR ▼

Bæjarhreppur, Hlaðhamar

NORÐURFJÖRÐUR ▼

Hótel Djúpvík ehf, Árneshreppi

HVAMMSTANGI ▼

Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5
Skrúðvangur ehf, Gilsbakka 5

BLÖNDUÓS ▼

Ráðunautþjónusta Húnaþings og Stranda, Húnaþing 13
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga, Þverholti 1
Húnavatnshreppur, Húnavöllum

SKAGASTRÖND ▼

Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf, Strandgötu 32
Skagabyggð, Höfnum
Sveitarfélagið Skagastrand, Túnbraut 1-3
Vélaverkstæði Skagastrandar, Strandgötu 30

SAUÐÁRKRÓKUR ▼

Aldan - stéttarfélag, Sæmundargötu 7a
Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10
Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
K-Tak ehf, Borgartúni 1

Sveitarfélagið Skagafjörður - Ráðhús, Faxatorgi 1
Verkfræðistofnan Stoð ehf, Aðalgötu 21
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni

VARMAHLÍÐ ▼

Akrahreppur Skagafirði,

FLJÓT ▼

Kvenfélagið Framtíðin, Ökrum

AKUREYRI ▼

Blikkrás ehf, Óseyri 16
Eining-löja, www.ein.is, Skipagötu 14
Endurhæfingarstöðin Sjálfsbjörg Akureyri, Bugðusiðu 1
Félagsbúið Hallgilsstöðum, Hallgilsstöðum
Hnýfill ehf, Brekkugötu 36
Ísgát ehf, Lónsbakka
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Ólöf Steinunn Þórsdóttir, Bakka
Raflampar ehf, Óseyri 4
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Raftó ehf, Hjalteyrargötu 6
Samherji hf, Glerárgötu 30
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Slíppurinn Akureyri ehf, Hjalteyrargötu 20
Svalbarðsstrandarhreppur, Ráðhúsinu
Sveitahúsið Sveinbjarnargerði, Sveinbjarnargerði
Tannlæknahúsið sf, Kaupangi við Mýrarveg
Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar, Mýrarvegi
Verkval ehf, Miðhúsavægi 4
Prif og ræsitörur ehf, Frostagötu 4c

GRENVÍK ▼

Frosti ehf, Melgötu 2

GRÍMSEY ▼

Sigurbjörn ehf, útgerð, Öldutúni 4
Sæbjörg ehf, Öldutúni 3

DALVÍK ▼

Promens Dalvík, Gunnarsbraut 12
Tréverk ehf, Dalvík, Grundargötu 8-10

HÚSAVÍK ▼

Bílaeiga Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 66
Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Garðarsbraut 9
Höfðavélar ehf, Höfða 1
Val ehf, Höfða 5c
Fjallasýn Rúnar Óskarssonar ehf, Hrísatægi 5
Tjörneshreppur, Ytri Tungu

LAUGAR ▼

Norðurpóll ehf, Laugabrekku Reykjadal

MÝVATN ▼

Jarðböðin við Mývatn,
Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6

ÞÓRSHÖFN ▼

Geir ehf, Sunnuvegi 3

VOPNAFJÖRÐUR ▼

Jónsver ses, Hamrahlíð 15

EGILSSTAÐIR ▼

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Skógar ehf, Dynskógum 4
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5
Ökuskóli Austurlands sf, Háafelli 4a

til að veita okkur undanþáguna. Viðhorf hans smitaði út frá sér og þegar við fórum aftur með undanþáguna til byggingarfulltrúa þá voru fleiri umsagnaraðilar orðnir á móti lyftunni, en þrátt fyrir neikvæð viðhorf annarra tók Magnús Sædal ákvörðunina um að leyfa lyftuna og við fórum um leið í framkvæmdir og erum við afskaplega þakklátir Magnúsi fyrir framtak hans og það ættu fleiri að vera þar sem við vitum að ef fyrirtæki eins og Félagsbústaðir sem ræður yfir 2200 íbúðum fær ekki leyfi til slíkra breytinga á eldra húsnæði þá getur orðið áratuga bið að aðrir fari fram á slíkt leyfi. Venjuleg húsfélög fara ekki út í slíkar breytingar nema þau séu búin að kynna sér hvernig þetta virkar og geta gengið að styrkjum til verkefnisins. Þess má svo geta að til dæmis í Noregi þar sem lyftur hafa verið settar í eldra húsnæði þá hefur verðgildi íbúðanna hækkað í kjölfarið, meira að segja íbúðir á fyrstu hæð sem hafa ekki not fyrir lyftuna.”

Fyrsta lyftan sem sett er í eldra fjölbýlishús

Lyftan er aðeins hluti af þeim framkvæmdum til að auka aðgengi sem verið er að gera og gert verður í blokkunum tveimur á Meistaravöllum “Við erum að endurnýja allar íbúðirnar og allir íbúarnir í blokkinni sem verið er að endurnýja hafa verið fluttir í annað húsnæði meðan á breytingunum stendur. Blokkirnar eru orðnar 45 ára gamlar og öll lagnakerfi hafa verið hreinsuð út sem og allar innréttingar og allt gólfefni fjarlægð. Til að aðgengi verði sem allra best þá höfum við breiðkað alla innganga og tekið þröskulda út. Þetta eru kostnaðarsamar breytingar og þegar upp er staðið þá höfum við endurnýjað íbúðirnar algjörlega. Lyftan sem sett verður í einn stigaganginn er fyrsta lyftan sem sett er í eldra fjölbýlishús á Íslandi svo ég viti til en settar hafa verið lyftur í opinberar byggingar og þar sem við hjá Félagsbústöðum höfum bolmagn til að fara út í svona framkvæmd þá finnst mér það þjóðfélagsleg skylda okkar að gera það, við höfum þekkinguna og reynsluna í kringum svona verkefni. Vil ég geta þess að í sambandi við breytingarnar á aðgengi þá höfum við verið í góðu sambandi við fyrirtækið Aðgengi og fengið góð ráð frá þeim.”

Ég vil meina að við séum að brjóta ísinn og framkvæmd okkar á Meistaravöllum er fyrsta framkvæmd þessarrar tegundar hér á landi en á Norðurlöndunum er komin



Meistaravöllir 19-23 þar sem verið er að endurnýja allar íbúðirnar og er aðgengi haft að leiðarljósi.

margra ára reynsla og veit ég til þess að þetta er mál sem margir stjórnmalamenn hafa mikinn áhuga á. Ég hef verið ráðgjafaraðili fyrir ráðuneytin í þessum málum og um leið sagt mína skoðun að það verði ekki neitt úr neinu nema styrkir komi á móti. Ég get vel ímyndað mér að í upphafi væri einhver ákveðin upphæð, segjum 50 til 100 milljónir á fjárlögum hvers árs, sem hægt væri að sækja um styrki í, en ég á ekki von mikið verði sótt í þennans sjóð til að byrja með, en styrkur er forsenda fyrir því að aðgengi í eldra húsnæði í einkaeigu verði bætt.”

Atvinnuskapandi

Þórarinn er bjartsýnn á að skilningur muni vaxa meðal ráðamanna varðandi bætt aðgengi í eldra húsnæði. “Við munum

halda áfram á sömu braut og leggjum allt kapp að breyta okkar húsnæði svo framarlega að við fáum leyfi. Við erum með 57 stigaganga þar sem eru engar lyftur svo það er nóg verkefni framundan í þessum málum. Við stefnum ekki að því að lyfta verði í öllum stigagöngunum en bara það að vera með möguleikann á að koma lyftu fyrir er mikill kostur og fyrir íbúa sem fá lyftu er þetta aukning á lífsgæðum.

Í kjölfar breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu þá erum við ekki með á dagskrá hjá okkur að byggja nýtt húsnæði heldur leggjum allt í að endurnýja eldri eignir sem er ekki aðeins til góða fyrir fólkið sem þar býr heldur er mjög atvinnuskapandi fyrir byggingariðnaðinn og ekki veitir af að fjölga sem mest störfum í þeim iðnaði.”

Könnun á viðhorfi almennings til Sjálfsbjargar

Sjálfsbjörg bauðst án endurgjalds að vera með spurningar í símakönnun, sem fyrirtækið Miðlun framkvæmdi og svöruðu 958 manns. Skemmst er frá því að segja að ímynd heitis samtakanna, Sjálfsbjörg, og vitund almennings um samtökin er bæði góð og sterk. Þetta skapar mikil tækifæri fyrir félagsmenn og fatlað fólk að sækja fram með Sjálfsbjörg að vopni og sem samherja.

SPURNINGARNAR VORU:

Telur þú þig vita hvaða starfsemi Sjálfsbjörg rekur?


80,1% svöruðu með Já.

Hvert er viðhorf þitt til Sjálfsbjargar?

98,8% samtals svöruðu með „Mjög jákvætt“ eða „Frekar jákvætt“.


Hefur þú sjálfur eða einhver sem þú þekkir nýtt sér þjónustu Sjálfsbjargar?

Já sögðu 26,3%




Telur þú þig vita hvaða starfsemi Sjálfsbjörg rekur?

| | Fjöldi | Hlutfall | Vikmörk +/- |
|-------------------|--------|----------|-------------|
| Já | 763 | 80,1% | 2,5% |
| Nei | 189 | 19,9% | 2,5% |
| Fjöldi svara | 952 | 100,0% | |
| Tóku afstöðu | 952 | 99,4% | |
| Tóku ekki afstöðu | 6 | 0,6% | |
| Fjöldi svarenda | 958 | 100,0% | |



Hvert er viðhorf þitt til Sjálfsbjargar?

| | Fjöldi | Hlutfall | Vikmörk +/- |
|-------------------|--------|----------|-------------|
| Mjög jákvætt | 494 | 56,8% | 3,3% |
| Frekar jákvætt | 365 | 42,0% | 3,3% |
| Frekar neikvætt | 10 | 1,1% | 0,7% |
| Mjög neikvætt | 1 | 0,1% | 0,2% |
| Fjöldi svara | 870 | 100,0% | |
| Tóku afstöðu | 870 | 90,8% | |
| Tóku ekki afstöðu | 88 | 9,2% | |
| Fjöldi svarenda | 958 | 100,0% | |



Hefur þú sjálfur eða einhver sem þú þekkir nýtt sér þjónustu Sjálfsbjargar?

| | Fjöldi | Hlutfall | Vikmörk +/- |
|-------------------|--------|----------|-------------|
| Já | 242 | 26,3% | 2,8% |
| Nei | 677 | 73,7% | 2,8% |
| Fjöldi svara | 919 | 100,0% | |
| Tóku afstöðu | 919 | 95,9% | |
| Tóku ekki afstöðu | 39 | 4,1% | |
| Fjöldi svarenda | 958 | 100,0% | |

Netkönnunin var framkvæmd 16. nóvember 2009 til 6. desember 2009. Úrtakið var tilviljanaúrtak einstaklinga á aldrinum 18-75 ára úr þjóðskrá og höfðu verið valin í Nethóp Miðlunar.

Endanlegt úrtak: 1537

Gild svör: 958

Svarhlutfall: 62,3%

Útskýring á hugtökum

Marktækni: Þegar unnið er með úrtök úr þýði og hópar bornir saman eru notuð marktektarpróf (hér er kí-kvaðrat próf notað) til að meta hvort að munur á hópunum er marktækur eða ekki. Þegar munur á hópum er marktækur er hægt að alhæfa að munur í úrtaki sé einnig munur í þýði. Þýði er sú heild sem úrtakið er tekið út. Dæmi um þýði er til dæmis allir Íslendingar á aldrinum 18-75 ára. Miðað er við 95% öryggismörk í marktektarprófum.

Vikmörk: Þegar skoðaðar eru töflur sem gefa hlutfall ákveðinna atriða er gott að hafa í huga að þetta hlutfall getur vikið frá uppgefnu gildi þar sem um er að ræða mælingu úr úrtaki en ekki þýði. Hægt er að reikna út þessi mörk og eru þessi vikmörk gefin upp við hlutfallstölurnar. Hér er einnig miðað við 95% vissu. Ef t.d. 23,4% svarenda ætla að kjósa ákveðinn stjórnmálaflokk og vikmörkin eru 3 prósentustig, þá er með 95% vissu hægt að fullyrða að í þýðinu ætli 20,4% til 26,4% að kjósa þennan stjórnmálaflokk.

Sá tillöguna verða að veruleika 50 árum síðar

Valey Jónasdóttir er ein af hinum merkilegu frumkvöðlum Sjálfsbjargar. Hún var fyrsti formaður Sjálfsbjargarfélagans á Siglufirði, elsta Sjálfsbjargarfélag landsins, er það var stofnað þann 9. júní 1958 og hún getur greint frá því af eigin raun hvernig ævintýrið kringum stofnun Sjálfsbjargarfélaganna átti sér stað.

Valey fékk lómunaveiki á fyrsta ári og hefur glímt við fötlun æ síðan. Lómunarveikin hafði þá geisað, Akureyrarveikin, og margir á Siglufirði voru meðal þeirra sem fötluðust. „Ég var meira fötluð áður, en fyrir dagnað móður minnar fékk ég smátt og smátt meiri mátt. Var heilan vetur fyrir sunnan í nuddi og rafmagnsmeðferð, þá var ekki vaninn að fara landshluta á milli til þess að fá aðstoð. Ég fékk máttinn í fótinn en það gekk verr með handlegginn og ég hef aldrei fengið fullan mátt í hann.“

Annað sem greindi Valey frá mörgum öðrum sem fengu lómunarveikina var að hún fór í nám og er kennari að mennt. „Það þótti tóm vitleysa hér áður að fatlað fólk færi í langskólanám en í mínu tilfalli varð það úr að ég fékk að læra, þótt það hvarflaði ekki að þabba til að byrja með að það gæti orðið.“

Þegar Valey bar upp tillöguna

Á Siglufirði var nokkuð stór hópur fólks sem stóð að stofnun Sjálfsbjargarfélagans. Fjórtán mættu á stofnfundinn og innan skamms fjölgaði í hópnum. Félagið hefur lengst af staðið fyrir mjög öflugri félagsstarfsemi. „Við eigum ennþá fyrstu fundargerðarbókina okkar og þar er rakið að á fundinum var borin upp tillaga, um að örorkulífeyrir væri greiddur án tillits til tekna maka.“ Það var Valey sem hafði frumkvæði um tillöguna og bar hana upp og var hún samþykkt. Það er hins vegar ekki fyrr en nú nýlega, fimmtíu árum síðar, sem hún er að sjá þessa tillögu verða að veruleika. „Maðurinn minn var sjómaður og tekjur okkar sveiflukenndar en ollu því að ég fékk engan örorkulífeyri.“

Þáttur Sigursveins

Sigursveinn D. Kristinsson ferðaðist víða um land á þessum árum og stóð víða að stofnun Sjálfsbjargarféлага, til dæmis á Ísafirði og í Reykjavík. „Þabbi þekkti Sigursvein og Ólöfu eiginkonu hans. Sigursveinn sagði honum af þeirri hugmynd að stofna félag þeirra sem þekktu fötlun af eigin reynd, en misjöfn reynsla var víðast hvar af félögum sem stýrt var af fólki sem ekki gerði það. Félag þar sem fólkið sjálft hefði sitt að segja. Sigursveinn var einstakur maður og mjög fylginn sér, það var alveg ótrúlegt hverju hann fékk áorkað. Það var Sigursveinn sem bað mig að gerast formaður félagsins. Ég hafði gift mig viku fyrr en allt gekk þetta ágætlega gagnvart fjölskyldunni, svo ég tók þetta hlutverk að mér. Hulda Steinsdóttir var gjaldkeri en hún er frænka mín.“

Félagið starfrækt frá heimili Valeyjar

„Starf félagsins byrjaði ágætlega. Við vorum á fullu að afla fjár eins og gengur og gerist og sett var á stofn fjárflounarnefnd. Á fyrstu árum félagsins eignaðist ég fjögur börn og ákvað því að draga mig í hlé frá formennskunni, sem var erilsöm.“ Vinnukvöld félagsins voru haldin heima hjá Valey framan af því hún var bundin af börnunum og segja má að félagið hafi í raun verið starfrækt heima hjá þeim. Valey átti erfiðast með að fara suður á fundi og var því fegin þegar varaformaðurinn, Eggert Theodórsson, tók við af henni. „Félagið var líflegt og geysilega margt fólk sem lagði því lið. Fyrsta húsnæðið okkar fengum við að láni en svo keyptum við eigið húsnæði, lítið, gamalt hús með engu aðgengi. Við sinntum alls konar verkefnum en stærst í sniðum var vinnuvettlingagerðin. Enginn þáði laun fyrir að sjá um þessa vinnustofu þar sem nokkrir einstaklingar höfðu vinnu. Þarna unnu góðar og samviskusamar manneskjur, aðallega konur en einn karlmaður var þarna líka. Aðaláherslan var lögð á að

verða félaginu að liði. Síðar meir lentum við í samkeppni við innflutta vettlinga og þá seldum við vélarnar.“

Stigarnir engin hindrun

Vinnan var ekki það eina sem batt hópinn saman. Spilakvöld, bingó, basarar og happdrætti voru snar þáttur í starfinu. „Við unnum sjálf munina sem voru í verðlaun og oft var þetta mikil barátta, bæði fjárflounin og vinnan. Ein sem tók þátt í vinnukvöldunum okkar fór varla úr rúmi en lét þó bera sig upp stigana heima, en ég bjó á annarri hæð. Þetta var nánast það eina sem hún fór úr húsi. Það er ómetanlegt að taka þátt í frumkvöðlastarfi af þessu tagi og þetta var yndislegur tími. Á þeim tíma gerði ég mér reyndar enga grein fyrir því að ég væri frumkvöðull.“

Við höfum alla tíð haft gott styrktarkerfi, einstaklinga sem styrkja Sjálfsbjörg ár eftir ár og hafa gert það gegnum tíðina. Bærinn hefur líka alltaf tekið þátt og styrkt starfseminu á hverju ári. Þess vegna gátum við keypt varanlegra húsnæði og þar vorum við þar til fyrir þremur árum.“

Talsvert samstarf var á milli Sjálfsbjargarfélaganna. „Við hittumst á sumarmótum og í sameiginlegum ferðalögum. Fyrst voru ferðirnar einungis fyrir norðan og hófust hjá félaginu á Siglufirði en náðu síðan til alls landsins. Þær gengu undir nafninu ágústnætur. Í þessum ferðum kynntumst við vel og þó ég kæmist ekki í allar ferðirnar eru þær mér mjög minnisstæðar og voru alveg yndislegar. Sumarskemmtanirnar í Húnaveri voru alltaf skemmtilegar, þar vorum við með hljómsveitir sem sáu um fjörið og margir sóttu þessar skemmtanir.“

Allt getur gerst á landsþingi

Margir einstaklingar eru Valey minnisstæðir. Einn þeirra er Theodór A. Jónsson fyrrum formaður Sjálfsbjargar. „Honum datt svo margt í hug að það var alveg ótrúlegt. Eitt sinn þegar landsþingið var haldið á Siglufirði, 1961, fengum við Hótel Hvanneyri lánað og vorum þar dag

og nótt. Ég var eins og ungamamma með tvö börn með mér. Þetta þing var mjög skemmtilegt og skrautlegt. Okkur varð bylt við þegar einn félagi okkar frá Akranesi veiktist skyndilega og sækja þurfi lækni um miðja nótt handa honum. Hann hafði ofnæmi fyrir einhverju sem enginn vissi hvað var en hló bara og gerði að gamni sínu þegar þetta var allt um garð gengið.“

Engin ölmusa

Margt hefur breyst frá upphafi Sjálfsbjargarfélaganna og Valey finnst áherslubreytingar sjáanlegar. „Áður var áhuginn á félagsstarfinu og baráttuhugurinn svo mikill, við vorum að berjast fyrir réttindum fatlaðra. Nú hafa tryggingamál þokast í rétta átt og eru orðin manneskjulegri en áður og baráttan er því á öðrum sviðum. Hugafarið hefur líka breyst og þeir sem eru fatlaðir búnir að átta sig á því að þeir eru ekkert að þiggja ölmusu með því að fá örorkumat. Ég man eftir dæmi af einni konu sem vildi alls ekki leita réttinda sinna af því maðurinn hennar vann fyrir henni en það voru ekki allir sammála og á endanum fór hún í örorkumat. Henni fannst þá alger lúxus að fá aura fyrir sig. Þessi hugarfarsbreyting er án nokkurs efa Sjálfsbjörg að þakka. Þar náði fólk að skiptast á sögum og deila reynslu sinni og átti sameiginlegt viðfangsefni til að glíma við. Ég naut þess að vera kennari og fannst ég standa vel að vígi miðað við marga aðra.“

Misskilin umhyggja þegar fólk lærði ekki einu sinni að klæða sig sjálf

Á upphafsárunum þurfti að leggja línurnar í baráttunni og nokkur munur var á því hvar félagar voru búsettir þegar kom að áherslumálunum. „Félögin úti á landi stóðu oft mjög vel saman og vildu ekki að landsbyggðin yrði útundan þegar eitthvað átti að gera. Á fyrstu landsþingunum snerist flestallt um það sem verið var að gera á Reykjavíkursvæðinu. Við fyrir norðan vildum auðvitað líka að tekið yrði tillit til félaganna úti á landi.“ Hins vegar var full sátt um að vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar risi í Reykjavík enda nutu félagar alls staðar af landinu góðs af því. „Heimilið var mikil bót fyrir landsbyggðina líka. Siglfirsk stúlka sem fékk inni þegar heimilið var risið var mjög ánægð og hamingjusöm og fannst gott að vera þar.

Þegar maður er ungur og fatlaður einangrast maður stundum. Ég var heppin



Valey Jónasdóttir: „Félögin úti á landi stóðu oft mjög vel saman og vildu ekki að landsbyggðin yrði útundan þegar eitthvað átti að gera. Á fyrstu landsþingunum snerist flestallt um það sem verið var að gera á Reykjavíkursvæðinu. Við fyrir norðan vildum auðvitað líka að tekið yrði tillit til félaganna úti á landi.“

og þekkti það minnst af eigin raun enda skildu börnin mín ekkert í því hvað ég hafði endalaust tíma til að starfa með Sjálfsbjörg, en það var svo gefandi og ég kynntist svo mörgu skemmtilegu fólki. Mér er sérlega minnisstæð ein stúlka sem var búsett í meðalstóru bæjarfélagi. Hún hafði verið mjög ofvernduð af móður sinni, hún kunni ekki að klæða sig sjálf og var lokuð inni á heimili sínu og var ekki höfð „til sýnis“. Hún var með nákvæmlega sömu fötlun og ég. Þetta var misskilin umhyggja. Margir lokuðu sig líka sjálfir af.“

Sólin brosir við Sjálfsbjörg á Siglufirði



Valey er sátt við hvernig félagið á Siglufirði hefur þróast. Nýtt húsnæði félagsins, sem það fékk fyrir þremur árum, er bæði vinnustofa og íbúð fyrir konu í hjólastól. „Vinnustofan er bæði opin fötluðum og

ófötluðum og þar má vinna bæði í keramik og gler. Þetta er mjög vinsæl starfsemi ekki síst fyrir gesti í bænum. Húsnæðið er sniðið að þörfum Sjálfsbjargar og mjög vel heppnað enda er þar stöðugt renneri að fá sér kaffisopa og spjalla. Þann 28. janúar hvert ár er haldið upp á sólarkaffi og allir eru boðnir og búnir að hjálpa okkur. Með þessari gerbreyttu aðstöðu og stóra húsnæði þá finnum við ekki mikið fyrir kreppunni enda eru allir tilbúnir að hjálpa okkur og gefa sína vinnu. Við erum kannski ekki að kaupa einhverja dýra hluti rétt í svipinn, en það er bara edlilegt.“

Fyrir tveimur árum fagnaði Sjálfsbjargarfélagið á Siglufirði svo fimmtú ára afmælinu með miklum hátíðarhöldum sem allir bæjarbúar tóku þátt í. Valey getur litið ánægð um öxl á árangur félagsins síns og stöðu þess fyrr og nú.

Anna Ólafsdóttir Björnsson

*Óskum Sjálfsbjörg til hamingju með
50 ára afmælið*



Yfirfærsla á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga

Umræðan um yfirfærsluna á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga hefur dregið athyglina að ýmsum göllum þess kerfis sem varðar félagsþjónustu við fatlað fólk. Í mars 2010 kom þáverandi formaður Sjálfsbjargar Isf., Ragnar Gunnar Þórhallsson eftirfarandi á framfæri við félags- og tryggingamálaráðherra, Samband íslenskra sveitarfélaga, ÖBÍ o.fl. (Ekki öll þessi atriði til allra aðila):

- Fram hefur komið að þjónusta sem ríkið veitir fötluðum samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra færir til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011.
- Skilgreining á „fatlaður“ í 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra: „Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.“
- Ríkið og sveitarfélögin hafa gert með sér samkomulag um að nota svo nefnt SIS þjónustumat, „Mat á stuðningsþörf fatlaðra“. Bent var á að miðvikudaginn 24. febrúar 2010 hélt Samband íslenskra sveitarfélaga vinnufund, í samvinnu við verkefnisstjórn um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála, um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Þar kemur fram að nota á SIS þjónustumat til að meta þörf á þjónustu og kostnaði við hana við fatlaða einstaklinga. Hið bandaríska SIS þjónustumat er matstæki, sem gert er fyrir mat á þjónustu- og stuðningsþörf fólks með þroska- og námsfærniskerðingar (SIS, Supports Intensity Scale, is an assessment tool that evaluates practical support requirements of a person with an intellectual or developmental disability, www.siswebsite.org.)
- Ætlun ríkis og sveitarfélaga er að fara í sérstakt verkefni sem metur skv. SIS mati alla þá fötluðu einstaklinga sem nú fá þjónustu frá ríki (m.a. svæðisskrifstofum) og sem mun flytjast til sveitarfélaga.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið er þannig búið að ákveða, með samkomulagi við sveitarfélögin, að nota SIS matið til að meta þjónustuþörf fatlaðs fólks, en þetta tengist vinnunni hjá ráðuneytinu og sveitarfélögum vegna yfirfærslunnar. Ætlunin er sem sagt að meta hvern einasta einstakling sem fær þjónustu sem mun flytjast frá ríki til sveitarfélags. Er kannski ekki átt við allt fatlað fólk? Hafa lögin um málefni fatlaðra, ákvæði og framkvæmd þeirra e.t.v. ekki verið hugsuð fyrir allt fatlað fólk. Eru sumir jafnari en aðrir í þessari yfirfærslu? Spurningin er hvernig



Kristján L. Möller, fyrrverandi ráðherra sveitarstjórnarmála og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga á kynningarfundum sem haldinn var vegna yfirfærslunnar á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

þetta snýr að jafnræðisreglu opinberrar stjórnsýslu að nota matstæki sem er gert fyrir fatlað fólk með tilteknar skerðingar á allt fatlað fólk.

- Ef það er ekki ætlunin að nota SIS mat á allt fatlað fólk, þá þarf það að koma skýrt fram, en í allri umfjöllun er ávallt talað um „fatlaða“, eins og verið sé að tala um alla fatlaða, en svo virðist sem aðeins tiltekin hópur fatlaðs fólks sé hafður í huga. Ef svo er hvernig á að tryggja jafnræði fólks með ólíkar skerðingar til að fá félagslega þjónustu og að sú þjónusta sé við hæfi einstaklingsins? Mun SIS matið ekki meta betur þarfir þess fólks sem matið er gert fyrir en þarfir fólks með annarskonar skerðingar; hefur það þá ekki þær afleiðingar að seinni hópurinn fer aftur í forgangsroð þeirra sem óska eftir félagslegri þjónustu?
- Síðan er spurningin um hvernig svona mat fer fram, réttur þess sem sækir um þjónustuna, söfnun persónuupplýsinga í gagnagrunn, aðgengi og skipulag hans o.fl. Í Noregi var mikil barátta þegar IPLOS matskerfið þar og gagnagrunnur var innleitt; upplýsingar á vef norskra stjórnvalda. Í IPLOS matinu er sérstaklega hugað að réttindum borgarans og meðferð persónuupplýsinga. IPLOS er ekki bundið fötlunarhópum eða tegund sjúkdóms / skerðingar. Félags-

- Þjónusta er annað en heilbrigðisþjónusta. Greiningar- og ráðgjafarmiðstöð ríkisins, á að sjá um SIS-matið á Íslandi.
- Spurt var hvort leggja eigi SIS matið til grundvallar allri yfirfærslunni, t.d. varðandi forgang til þjónustu, fjármagn, starfsmannabörf, húsnæði o.fl., sem þarf í málaflokkinn. Spurt var hvort beita eigi SIS mati á allt fatlað fólk eða nær yfirfærsla einungis til þess hóps sem SIS matið er hannað fyrir.
 - Spurt var um notkun SIS matsins og hvernig yfirfærslan til sveitarfélaga er hugsuð gagnvart hinum ýmsu hópum fatlaðs fólks með ólíkar skerðingar. SIS matið er hannað af sérfræðingum á sviði greindar- og þroskahömlunar. Það er óviðunandi ef ætlunin er að innleiða mat sem er ekki viðeigandi nema fyrir einn hóp fatlaðs fólks, en er óviðeigandi fyrir aðra hópa t.d. fólk sem er sjónskert, blint, hreyfihamað, geðfatlaða, heyrnarlaust, o.s.frv.
 - Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks kveður skýrt á um að það beri að hafa samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks og samningurinn leggur mikla áherslu á félagslega sjónarhornið á fötlun.
 - Lagt er til að við gerum kröfur um að samningur SP um réttindi fatlaðs fólks verði fullgiltur (ratification) á Alþingi áður eða um leið og yfirfærslan tekur gildi. Og þær laga-breytingar sem þarf að gera um leið og sú fullgilding tekur gildi.
 - Lagt er til að gerðar verði kröfur um að stefnumótun og áætlun liggi fyrir hjá ríki og sveitarfélögum um að jafnræðis verði gætt við mat á þjónustubörf fatlaðs fólks og við þjónustuna sjálfa, að allir fái fullnægjandi þjónustu við sitt hæfi og skv. sínum óskum.

- Grundvallaratriði er að sett verði í lög ákvæði um notenda-stýrða persónulega aðstoð (NPA).
- Á Norðurlöndunum hafa sveitarfélög öll fengið aukid hlutverk varðandi málefni fatlaðra. Síðast voru Danir að gera mjög róttækar breytingar og hafa raunar gengið lengst. Þetta hefur haft sína kosti, en gallarnir hafa allsstaðar verið þeir að fötluðu fólk er mismunad eftir búsetu/sveitarfélögum um það sem við köllum grunnþjónustu; þjónusta sem er nauðsynleg fötluðum einstaklingi til að njóta venjulegra mannréttinda; borgaralegra réttinda í samfélaginu til daglegra athafna sem ófatlað fólk tekur sem sjálfsögðum hlut. Tryggja þarf að sem mest af þjónustunni sé bundið í lög, en þetta vilja sveitarstjórnarmenn ekki. Þeir vilja hafa sem mest frelsi um hvaða þjónustu sveitarfélögin veita. Betra er að mannréttindi og borgaraleg réttindi fatlaðs fólks séu tryggð með lögum frá Alþingi á landsvísu, en að þessi réttindi séu háð útfærslu einstakra sveitarstjórna á heimilda-ákvæðum í lögum.
- Vegna yfirfærslunnar á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga þurfa öll skilyrði að vera uppfyllt. Systursamtök okkar á Norðurlöndum búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á þessum málum sem samtök okkar geta nýtt sér. Það er verulegt áhyggjuefni hvað sveitarfélög eru mörg, 77 talsins, og fámenn. Íbúafjöldi á Íslandi er eins og íbúafjöldi minnsta sveitarfélagsins í Danmörku. Verða réttindi til þess við köll-um grunnþjónustu við fatlað fólk til að það njóti tækifæra og réttinda, sem ófatlað fólk tekur sem gefnu, tryggð um land allt?

MINNING

SIGURRÓS M. SIGURJÓNSDÓTTIR

KVEÐJA FRÁ SJÁLFSBJÖRG

Þeim fækkar óðum hinum bjartsýnu og baráttuglöðu frumherjum frá árdögum Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu. Við fráfall Sigurrósar, hennar Rósu okkar, koma margar mætar minningar upp í huga okkar. Við kveðjum einarðan og heilsteypant félagi sem var löngum í fylkingarbrjósti, átti mikinn trúnað félagi og gegndi margvíslegum störfum fyrir félagið, allt frá fjölbreyttu nefndarstarfi yfir í margvísleg stjórnarstörf og formaður félagsins var hún í 6 ár. Hún var mikil félagsvera, átti heita sannfæringu fyrir réttlæti og jöfnuði og var trú í hverju því sem hún tók að sér, hvort sem var í farsælu starfi sínu hjá Tryggingastofnun ríkisins þar sem fólk fann vel að það átti hana að eða í öllu sínu óeigingjarna starfi fyrir Sjálfsbjörg, félagið og landssambandið. Hún Sigurrós skipaði sér þar í sveit sem eindregnast var barist fyrir réttindum og kjörum þeirra sem erfiðasta eiga lífsgönguna og naut þar trúnaðar félaga sinna, hún var þeirrar einlægu skoðunar að almenn virkni í samfélagsmálum ætti að fara saman við baráttuna fyrir réttlæti fötluðum til handa. Við það miðaðist hennar þátttaka í stjórnmalastarfi. Hún var

ódeigur og virkur félagi í Alþýðubandalaginu og hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Hún Sigurrós átti bæði til alvöru sem glettni á lífshörpu sinni, en umfram allt vermandi hlýju og þessara eðliskosta nutum við félagar hennar ríkulega. Hún lét fötlun sína aldrei ráða för, heldur ekki eftir alvarlegt áfall sem hún varð fyrir á síðari hluta lífsgöngunnar. Hún átti áfram sitt bjarta bros og glaðbeitta vilja.

Við hjá Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, þökkum gefandi samskipti árunna og alveg sérstaklega allt hennar fórnfúsa starf fyrir félagið og sendum eiginmanni hennar, sonum og afkomendum öðrum einlægar samúðarkveðjur. Þar gekk um lífsveginn góður og gegn fulltrúi þeirra sem hófu merkið og fylgdu hugsjóninni eftir allt til æviloka. Blessuð sé minning Sigurrósar M. Sigurjónsdóttur.





Stund milli stríða. Nokkrir þingfulltrúar njóta veðurbliðunnar í kaffipásu.

SKÝRSLA FRAMKVÆMDA-STJÓRNAR OG SKRIFSTOFU

35. þing Sjálfsbjargar var haldið á Hótel Selfossi dagana 28. til 30. maí sl. Kosið var í stjórnir og nefndir á vegum Sjálfsbjargar Isf. og gerðar ályktanir um brýnustu baráttumálin. Ragnar Gunnar Þórhallsson formaður, Þórir Steingrímson gjaldkeri og Anna Guðrún Sigurðardóttir ritari létu af embætti og eru þeim þökkúð vel unnin störf í þágu samtakanna. Í þeirra stað voru kjörin Grétar Pétur Geirsson formaður, Þorbera Fjölisdóttir gjaldkeri og Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir ritari.

Í viðamikilli og efnismikilli skýrslu framkvæmdastjórnar og skrifstofu sem lögð var fyrir landsþingið er í 1. kafla skýrslunnar greint frá helstu þáttum í starfsemi framkvæmdastjórnar og skrifstofu sl. tvö ár og gerð er grein fyrir hagsmuna- og baráttumálum, starfsemi, rekstri, framkvæmdum í Sjálfsbjargarhúsinu o.fl. Í 2. kaflanum eru skýrslur frá stjórnunum og nefndum sem kosnar voru á síðasta þingi Sjálfsbjargar Isf. Hér er stiklað á helstu málum er varða félags- og baráttumálin og er að finna í fyrri hluta skýrslunnar.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Vorið 2009 kynnti formaður landssambandsins hugmyndir um að koma á fót þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir fatlað fólk þar sem hreyfihömlun er einn meginþáttur skerðingar einstaklings. Hugmyndirnar voru ræddar og þróuðust innan framkvæmda-

stjórnar, stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins (SBH) og í sambandsstjórn.

Stjórnir Sjálfsbjargar Isf og Sjálfsbjargarheimilisins tóku síðan ákvörðun um að ráða Hrefnu K. Óskarsdóttur, iðjuþjálfara og MA í fötlunarfræðum, í tímabundið verkefni til að greina hvort þörf væri fyrir þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir fólk með hreyfihömlun og gera tillögur um slíka miðstöð. Sambandsstjórn samþykkti verkefnið fyrir sitt leyti á fundi sínum 5. júní 2009. Kostnaði við verkefnið var skipt á milli landssambandsins og SBH. Aðdragandi verkefnisins var m.a. vilji til þess að víkka út og þróa starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins og bæta þjónustu við fólk með hreyfihömlun á Íslandi og styrkja stöðu þess á allan hátt úti í samfélaginu. Þannig myndi Sjálfsbjörg, sem heildarsamtök, sækja fram með bættu þjónustu og aukið hlutverk fyrir þann hóp sem samtökin vilja þjóna. Að nokkru leyti var horft til þess að til eru þjónustumiðstöðvar fyrir aðra fötlunarhópa svo sem Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda (www.sjonstod.is) og Sjónarhóll (www.serstokborn.is), ráðgjafarmiðstöð fyrir fötluð börn og foreldra þeirra. Verkefni Hrefnu var að gera þjónustumat, greiningu og mat á þörf fyrir starfsemi með því að hafa samband við hugsanlega notendur þjónustunnar o.fl. aðila, ásamt að gera skýrslu og tillögur um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. Hrefna lauk fyrri áfanga verkefnis síns og skilaði skýrslu um þjónustumat í október 2009, sem sýndi mikla þörf fyrir



Ný stjórn Sjálfsbjargar Isf. Að loknu þingi, talið frá vinstri: Andri Valgeirsson, varaformaður, Þorbera Fjölfnisdóttir, gjaldkeri, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, ritari, Grétar Pétur Geirsson, formaður, Jón Eiríksson, varamaður, Anna Torfadóttir, varamaður og Leifur Leifsson, varamaður. Á myndina vantar Jón Heiðar Jónsson, meðstjórnanda.

umrædda starfsemi og skilaði síðan skýrslu og tillögum um að koma Þjónustu- og þekkingarmiðstöð á fót í janúar 2010. Í bakhóp með Hrefnu á meðan skýrslan var í vinnslu voru: Ragnar Gunnar Þórhallsson, form. landssambandsins, Þorkell Sigur- laugsson, form. stjórnar SBH, Guðríður Ólafsdóttir, í stjórn SBH,

og Tryggvi Friðjónsson, framkvæmdastjóri SBH. Sam- bandsstjórn fékk skýrslur og tillögur Hrefnu K. Ósk- arsdóttur til skoðunar 3. mars 2010. Gert er ráð fyrir að þing landssambandsins í maí 2010 taki ákvörðun um framhald verkefnisins.

Breytingar á fyrirkomulagi örorkumats

Faghópur framkvæmdanefndar félags- og tryggingamála- ráðuneytisins um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar skilaði skýrslu með drögum að nýju starfshæfnismati. Skýrsla faghópsins er m.a. byggð á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar árið 2005 og sem formaður landssambandsins átti sæti í. Einnig horfði faghópurinn til reynslu nágrannaþjóða, einkum Noregs og Danmerkur, af innleiðingu róttækra breytinga á þessu sviði innan velferðarkerfa sinna. Þessar tillögur eru ennþá í vinnslu hjá ráðuneytinu. Sjálfsbjörg hafði ekki aðgang að starfi faghóps ráðu- neytisins, en Sjálfsbjörg Isf á fulltrúa í nefnd sem ÖBÍ setti í gang í apríl 2010 um þetta nýja starfshæfnismat. Fjölmenntur kynningarfundur fyrir Sjálfsbjargarfélagi

um fyrirhugaðar breytingar á örorkumati og almannatryggingum var haldinn af landssambandinu 14. nóvember 2008 þar sem Stefán Ólafsson, prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, hélt mjög fróðlegt erindi um málefnið og samanburð um stöðuna á Íslandi við önnur Evrópulönd.




Eirberg



Verið virk við leik og störf

Úrval af hjálpartækjum sem auðvelda athafnir daglegs lífs. Fagleg ráðgjöf og persónuleg þjónusta.

Léttar göngugrindur sem auðvelt er að taka í bíl, léttir hjólastólar og sessur, rafskutlur, þríhjól, rampar, vinnustólar, rúm ofl.

Opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is 

Breytingar á almannatryggingum

Margvíslegar breytingar hafa verið gerðar á almannatryggingum á starfstímabilinu og þá helst til skerðingar á greiðslum almanna-trygginga í kjölfar efnahagsbrunsins. Rúmlega 100 þús. kr. frítekjumark atvinnutekna á mánuði vegna tekjutryggingar ör-ororkulfeyrisþega er þó enn í gildi, en Sjálfsbjörg Isf lagði á það áherslu ásamt ýmsum öðrum samtökum að þetta frítekjumark yrði ekki lækkað aftur. Einnig er í gildi tæplega 100 þús. kr. frítekjumark á fjármagnstekjur á ársgrundvelli. Tryggingastofnun opnaði nýja upplýsingaveitu, Tryggur (www.tryggur.is) á vefsetri sínu þann 26. ágúst 2008. Formanni landssambandsins var boðið að opna vefinn, fyrir hönd allra viðskiptavina Tryggingastofnunar, á sérstökum viðburði er fram fór af þessu tilefni. Þessi vefþjónusta hefur bætt til muna upplýsingagjöf til viðskiptavina sem mikil þörf er á vegna þess hversu flókið lífeyriskerfið er orðið.

Yfirfærslan á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga

Þetta verkefni er í fullum gangi hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu og sveitarfélögunum; Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umræðan um yfirfærsluna hefur dregið athyglina að ýmsum göllum þess kerfis sem varðar félagsþjónustu við fatlað fólk. Þó það eigi að heita svo að lögin um málefni fatlaðra varði allt fatlað fólk þá eru ákvæði þeirra fyrst og fremst sniðin fyrir fólk með þroskahömlun eins og t.d. starfsemi svæðisskrifstofanna um málefni fatlaðra hefur gefið til kynna alveg frá upphafi. Efni sameiginlegrar viljayfirlýsingar ríkis og sveitarfélaga, 13. mars 2009, um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga gefur þetta einnig til kynna.

Þetta á sér ákvæðnar sögulegar rætur sem ekki verða tíundaðar hér. Verkefni Sjálfsbjargar er að þrýsta á að þjónusta við fólk með hreyfihömlun verði bætt og aukin og færð til nútímahorfs. Núverandi kerfi mismunar einstaklingum með ólíkar skerðingar, bæði hvað varðar þjónustustig og greiðsluþátttöku notenda. Tækifærin liggja í því að lögin um málefni fatlaðra og fleiri lög verða endurskoðuð í tengslum við fyrirhugaða fullgildingu sammings SP um réttindi fatlaðs fólks. Einnig hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið lýst því yfir að til standi að setja í lög ákvæði um NPA, notendastýrða persónulega aðstoð, sem er nýr valkostur á þjónustu og andhverfan við hina stofnanastýrðu þjónustu sem nú er til staðar. NPA þjónustan hentar vel fyrir þann hóp fatlaðs fólks sem vill og getur lifað sjálfstæðu og virku lífi úti í samfélaginu, en getur ekki gert það án aðstoðarfólks.

Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks

Á starfstímabilinu hefur samningur SP um réttindi fatlaðs fólks haft mikil, gagnleg og örvandi áhrif á alla umræðu. Varla var haldin nokkur fundur eða ráðstefna án þess að samningurinn kæmi við sögu. Í mars 2010 samþykkti ríkisstjórnin tillögur nefndar sem fjallað hefur um fyrirhugaða fullgildingu Íslands á Alþingi á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun. Í skýrslu nefndarinnar er fjallað um einstakar greinar sammingsins og gerð grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að fullgilda hann sem fela meðal annars í sér heildarendurskoðun á lögum um málefni fatlaðra, auk ýmissa annarra lagabreytinga.

Frumvörp til laga um mannvirki og til nýrra skipulagslaga; aðgengi fyrir alla

Á Alþingi voru í febrúar 2008 lögð fram af umhverfisráðuneyt-

inu tvö ný lagafrumvörp þáverandi ríkisstjórnar, sem koma muna í stað eldri byggingarlaga. Um er að ræða frumvarp til laga um mannvirki (hverskonar byggingar og mannvirki) og frumvarp til skipulagslaga. Þessi frumvörp fengu ekki framgang þá, en í mars 2010 voru þau lögð fram að nýju af umhverfisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar. Sjálfsbjörg Isf sendi Alþingi ítarlega umsögn um frumvörpin í byrjun apríl 2010, sem unnin var af Hörpu Ingólfssdóttur, byggingatæknifræðingi, og Ragnari Gunnari, formanni Sjálfsbjargar Isf, en þar segir m.a. í upphafi bréfsins:

„Lagafrumvörpin sem hér er veitt umsögn um varða aðalbaráttumál Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, í hálföld; baráttunni fyrir því að ryðja manngerðum hindrunum úr vegi í byggingum og umhverfi og tryggja aðgengi og mannréttindi allra borgara í samfélaginu. Skipulag og mannvirki eiga að sameina fólk en ekki aðskilja; skipulag og mannvirki sem ekki uppfylla þessi skilyrði valda fólki fötlun; skapa tæknilegar hindranir fyrir fólk. Hönnun fyrir alla á að vera leiðarljós. Sjálfsbjörg álitur að fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þær ráðstafanir, þ.m.t. lagabreytingar er gerðar verða í tengslum við fullgildingu, styðji vel við markmið lagafrumvarpanna, en metur það svo að löggjöf sem bannar mismunun á grundvelli skerðinga einstaklinga sé einnig nauðsynleg hér á landi. Slík löggjöf tók gildi í Noregi 1. janúar 2009 og hefur m.a. haft mikil áhrif á löggjöf og regluverk um mannvirki þar í landi.“

Hugmyndafræðin um „sjálfstætt líf“ og notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Á starfstímabilinu var unnið að framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf (Independent Living), valdeflingu fatlaðs fólks í því sambandi, sem m.a. byggist á félagslegu sýninni á fötlun; að það sé umhverfið, byggingarnar, viðhorf í samfélaginu og skortur á þjónustu sem geri einstaklinginn fatlaðan og skerði mannréttindi hans. Þetta var gert með ráðstefnuhaldi, m.a. í samstarfi við FFA, Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur, sem Sjálfsbjörg Isf á aðild að, og einnig með þátttöku í ráðstefnum FuF, Félags um fötlunarrannsóknir. Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks styður mjög vel við þetta starf enda er félagslega sýnin á fötlun ein af grundvallaratriðum sammingsins. Á alþjóðadegi fatlaðs fólks, 3. desember 2009, hélt FFA og ÖBÍ ráðstefnu um NPA, en einn aðalfyrirlesari þar var sænski frumkvöðullinn Dr. Adolf Ratzka.



STÖÐTÆKNI
SKÓSMÍÐJA
Lækjargata 34a, Hafnarfjörður
Sími: 533 1314

Sérsmíðaðir skór
Skóbreytingar
Göngugreiningar

Jón Gestur Ármannsson
Sjúkraskósmiður

FFA, fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur

Sjálfsbjörg Isf er aðili að þessu bandalagi hagsmunafélaga sem að standa Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Ás styrktarfélag og Landssamtökin Proskahjálp. FFA samtökin hafa verið nokkuð starfssöm, haldið marga fundi á síðustu tveimur árum og staðið fyrir tveimur fjölmennum ráðstefnum með erlendum og innlendum fyrirlesurum um hagsmunamál fatlaðra. Fyrri ráðstefnan „Að vita sjálfur hvar skórin kreppir“ var haldin 27. september 2008 á Grand Hótel og var um „Sjálfstætt líf“ og NPA þjónustu. Hin var einnig um NPA, Notendastýrða persónulega aðstoð „Sjálfstætt líf, tálsýn eða veruleiki“ og var haldin 3. desember 2009 í Salnum í Kópavogi. Í ár, 2010, fengu samtökin í fyrsta sinn engan styrk frá ríkinu og því óvíst um ráðstefnuhald þetta árið.

Bifreiðamál hreyfihamlaðra

Ný reglugerð nr. 170/2009 um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða tók gildi 16. febrúar 2009 eftir nokkurra ára baráttu fyrir hækkingu styrkuppþæða o.fl. Áfangasigur vannst varðandi nokkur atriði, upphæð krónutölu styrkja hækkaði, en ekki í samræmi við hækkingu á vísistölu síðustu 9 árin þar á undan og gengisfall krónunnar vegna efnahagshrunsins, en nokkur árangur í öðrum atriðum. T.d. pallbílur: Skilyrði er breytt þannig að aðeins pallbílur sem eru skráðir sem vörubifreiðar teljast ekki til daglegra nota í stað allra pallbíla áður. Fjárhæðir uppbóta/styrkja til kaupa á bifreið voru hækkaðar um 20%.

BUSL starfið

BUSL verkefnið er samvinnuverkefni við Ungmennadeild Rauða krossins í Reykjavík (BUSL; Besta Ungliðastarf Sjálfsbjargar Landssambands). Það samstarf hefur varað í nokkur ár en 2007 varð hlé á því. Vorið 2009 var ákveðið að gera tilraun til að endurvekja starfið. Fundað var með verkefnastjóra RKÍ og var Leifur Leifsson fenginn til að leiða starfið fyrir hönd Sjálfsbjargar Isf. Skipulagðar voru samverustundir s.s. pizzakvöld, bíóferðir, kaffihúsaferðir og spilakvöld. Leit hófst að sjálfbodaliðum í janúar og var aðstaða fengin í húsnæði Reykjavíkurborgar að Aflagrandi 40 fyrir fundi. Mikið og margháttað kynningarstarf fór fram t.d. viðtöl við Leif á heimasíðum ýmissa samtaka s.s. Sjúkraþjálfunarinnar Afls, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, CP félagsins og víðar.

Greiningarstöðin sendi sérstakt bréf til foreldra og Samfés til allra félagsmiðstöðva. Árangur varð ekki sem erfiði af þessu kynningarstarfi en þó náðist að mynda hóp sem í voru 5-7 einstaklingar þegar best var. Starfsemin dalaði um mitt ár 2009 en hófst að nýju með haustinu. Þessi hópur hittist þrisvar sinnum í mánuði í vetur. Á fundi sínum 23. febrúar 2010 ákvað framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar Isf. að kanna hvort rétt væri að gera breytingar í jafningjafraðslunni svo það nýttist fleirum og betur og var rætt um fræðslukynningar í því sambandi. Fyrirhugað er að halda þessu starfi áfram undir öðrum formerkjum og hugmyndafræði sem kallast „Big brother – big sister“ fáist samþykki til þess.

– Takk fyrir veittan stuðning –

SEYÐISFJÖRÐUR ▼

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

BORGARFJÖRÐUR EYSTRÍ ▼

Fiskverkun Kalla Sveins ehf, Vörðubrún

REYÐARFJÖRÐUR ▼

Launafl ehf, Hrauni 3
Þvottabjörn ehf, Búðareyri 25

ESKIFJÖRÐUR ▼

Eskja hf, Strandgötu 39
Fiskimið ehf, Strandgötu 39
Fjarðarþrif ehf, Kirkjustíg 2

NESKAUPSTAÐUR ▼

Sildarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR ▼

Fáskrúðsfjarðarkirkja, Skólavegi 69
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59

BREIÐDALSVÍK ▼

Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra,
Ásvegi 31

HÖFN Í HORNAFIRÐI ▼

Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27
Prastarhóll ehf, Kirkjubraut 10,

SELFOS ▼

AB-skálinn ehf, Gagnheiði 11
Básinn, Ingólfsskáli, Efstalandi
Bes ehf, Gagnheiði 1

Bisk-verk ehf, Bjarkarbraut 3, Reykholt
Guðmundur Tyrfinngsson ehf, Fossnesi C
Hrói Höttur, Austurvegi 22

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps, Galtastöðum

Nesey ehf, Suðurbraut 7 Gnúpverjahreppi

S. G. Hús hf, Austurvegi 69

Set ehf, röraverksmiðja, Eyravegi 41

Sólheimar í Grímsnesi,

Stokkar og steinar sf, Árbæ 1

Tannlæknastofa Halldórs Sigþórssonar, Austurvegi 44

Veitingastaðurinn Menam, Eyrarvegi 8

Verkfræðistofa Guðjóns, Austurvegi 44

HVERAGERDI ▼

Eldhestar ehf, Völlum

Hveragerðisprestakall, Bröttuhlíð 5

Kjörís ehf, Austurmörk 15

Sport-Tæki ehf, Austurmörk 4

PORLÁKSHÖFN ▼

Fiskmark ehf, Hafnarskeiði 21

Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6

Járnkarlinn ehf, Hafnarskeiði 28

Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1

Trésmiðja Heimis ehf, Unubakka 3b

STOKKSEYRI ▼

Fjöruborðið veitingahús, Stokkseyri, Eyrarbraut 3A

LAUGARVATN ▼

Ásvélar ehf, Hrísholti 11

HELLA ▼

Sólfugl ehf, Heiðvangi 6

HVOLSVÖLLUR ▼

Félag íslenskra bifreiðaeiganda, Stóragerði 3

Krappi ehf, byggingaverktakar, Ormsvöllum 5

Kvenfélagið Bergþóra, Vestur Landeyjum

Anna og Árni á Akri, Akri

Búaðföng, Hvolsvelli, Bakkakoti 1

Jón Guðmundsson, Berjanesi V-Landeyjum

VÍK ▼

B.V.T. ehf, Austurvegi 15

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

Mýrdælingur ehf, Víkurbraut 21

RafSuð ehf, Suðurvíkurvegi 6

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR ▼

Búval ehf - Kirkjubæjarklaustur, lðjuvöllum 3

VESTMANNAEYJAR ▼

Bessi hf, Sóleyjargötu 8

Eyjablíkk ehf, Flötum 27

Frár ehf, Hásteinsvegi 49

Huginn ehf, Hrauntúni 48

Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28

Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun, Ofanleitisvegi 15-19

Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf, Kirkjuvegi 23

Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu

Vélaverkstæðið Þór ehf, Norðursundi 9

Vöruval ehf, Vesturvegi 18

Heimsóknir til aðildarféлага landssambandsins og 50 ára afmæli Sjálfsbjargar

Heimsóknir til félaganna á landsbygðinni voru ekki eins margar og efni stóðu til og kom þar ýmislegt til. Þó var farið á nokkra staði og má þar nefna 50 ára afmælishátíð elsta aðildarfélagsins sem er á Siglufirði. Ragnar Gunnar Þórhallsson formaður og Kolbrún Stefánsdóttir framkvæmdastjóri ásamt formönnum og ýmsum félögum öðrum sóttu Siglufjörð heim í sannkölluðu Sjálfsbjargarveðri 9. júní 2008. Sjálfsbjargarfélagið á höfuðborgarsvæðinu hélt upp á sitt 50 ára afmæli í sælureit félagsins í Krika 27. júní 2008. Akureyrarfélagið hélt upp á sitt afmæli 11. október 2008 og mætti framkvæmdastjóri þar í forföllum formanns. Að kvöldi 15. nóvember 2008 mætti stjórn Sjálfsbjargar á Suðurlandi til kvöldverðar í lok sambandsstjórnarfundar vegna 50 ára afmælis félagsins þann sama dag. Sjálfsbjörg í Bolungavík var með hátíðarhöld vegna 50 ára afmælis þann 5. september 2009 og þar mættu Ragnar Gunnar Þórhallsson formaður og Guðfinna Ásgeirsdóttir skrifstofustjóri. Þessar heimsóknir voru bæði skemmtilegar og fræðandi og tókust í alla staði mjög vel. Aðrar heimsóknir voru til Húsavíkurfélagsins en framkvæmdastjóri heimsótti það félag og Vopnarfjarðarfélagið 10. og 11. ágúst 2009 og Sjálfsbjörg á Suðurlandi við undirbúning þings á vordögum 2010.

Rekstur Sjálfsbjargarhússins og önnur starfsemi landssambandsins

Rekstur fasteignarinnar að Hátúni 12 kallar á viðhald í stóru og smáu og hefur verið tilhneiging til að lágmarka þann lið í starfseminni undanfarin ár. Þá er alltaf lágmarksviðhald þegar skipt er um leigjendur og við athugasemdir opinberra eftirlitsaðila. Árið 2008 var viðhald vegna fasteignar 3,6 milljónir kr. en 2,7 milljónir árið 2009. Á þessu ári var ráðist í að endurnýja útvegg í lágbyggingu, austurhlíð skrifstofugangs, 1. hæð C-álmú, og settur nýr og viðhaldsfrír veggur. Kostnaður við þá framkvæmd er áætlaður kr. 6,8 milljónir.

Annað sem hefur sett strik í rekstrarreikninginn er stórhækkun fasteignagjöld borgarinnar á Sjálfsbjargarhúsið, þ.e. fasteignaskattar. Allt húsið er nú á hæstu álagningarþrosentu þar sem það er allt skilgreint sem vistheimili (hjúkrunarheimili). Afar mikil vinna og reyndar fé líka hefur farið í að fá þessu breytt í skráningu í fasteignamati þar sem Brunamálayfirvöld hafa krafist nýrra teikninga og úttekta áður en þau samþykkja breytingu. Þetta kemur mest fram á árinu 2010. Útleiga á íbúðum hefur gengið treglega og jafnframt innheimta leigu. Lækka þurfti leigu til fyrirtækja til að halda þeim þar sem markaðsleiga lækkaði mjög eftir hrun. Sú leiga er þó alltaf í skilum.

Samstarfið við fötlunarfræðina í Háskóla Íslands og námskeiðið: Fötlunarfræði, helstu hugtök og sjónarhorn

Í október 2009 hélt Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum, námskeiðið: Fötlunarfræði: Helstu hugtök og sjónarhorn; 18 klukkustunda námskeið (6 x 3 tímar). Námskeiðið var ætlað öllum sem hafa áhuga á fötlunarfræðum, málefnum fatlaðs fólks og vilja kynna nýjum félagslegum og menningarlegum skilningi á fötlun.

Undanfarna áratugi hefur þróast nýr félagslegur

skilningur á fötlun þar sem áhersla er á að skilja þátt umhverfis og menningar í að skapa og viðhalda fötlun. Fötlunarfræði hefur verið einn helsti vettvangur þessarar þróunar ásamt hreyfingu fatlaðs fólks víða um heim. Markmið námskeiðsins var að kynna þátttakendum þessar nýju hugmyndir og sjónarhorn sem ögra hinum hefðbundna skilningi á fötlun sem einstaklingsbundnum galla.

Stöðugt samband og samstarf er við kennara í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands og samskipti um ýmis baráttumál fatlaðs fólks sem eru í gangi. Bæði í gegnum FuF, Félag um fötlunarannsóknir, og utan þess. M.a. hefur formaður haldið fyrirlestra í kennslustundum í fötlunarfræðum í Háskóla Íslands. Einnig hyggst fötlunarfræðin við Háskóla Íslands bjóða starfsfólki og sveitarstjórnarfólki upp á fræðslu í tilefni af yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Lokaorð formanns

Starfsemi Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, á starfstímabilinu var margbrotin eins og áður. Starfsemin snýst m.a. um rekstur og þjónustu Sjálfsbjargarheimilisins, leiguíbúða, fasteignarekstur, fjáraflanir, baráttu- og hagsmunamál og þjónustu við marga aðila, innan Sjálfsbjargarhússins og úti í samfélaginu. Á starfstímabilinu kom oft til umfjöllunar að stefna og markmið með starfi samtakanna mætti vera skýrari og betur skilgreind. Í ýmsum baráttu- og hagsmunamálum hefur að mati formanns fólk með hreyfihömlun dregist aftur úr málefnum annarra hópa fatlaðs fólks. Þessu þarf að breyta. Það kveður líka við aðrar áherslur í baráttu fatlaðs fólks á Íslandi og öðrum löndum; baráttan leggur sífellt meiri áherslu á mannréttindi, virðingu og raunverulegt jafnrétti og jafnræði úti í samfélaginu; að fatlað fólk sé fullgildir borgarar og þátttakendur.

Áratuga reynsla og afburða starfsfólk
Nú færðu sömu frábæru þjónustuna, bæði í Hafnarfirði og í Reykjavík

Trönuhrauni 8 • Hafnarfirði • Sími 565 2885 Suðurlandsbraut 34 • Sími 565 1991

STOD
Við styðjum þig
stod.is

Þetta er mitt líf

Rætt við Leif Sylling, stofnanda ULOBA (notendastýrðrar þjónustu) í Noregi

Leif Sylling, vitnar í ameríska mannréttindabaráttukempuna Martin Luther King þegar hann segir: „Frelsi er aldrei gefið af þeim sem hafa valdið og stjórna. Hinir kúguðu verða alltaf að berjast fyrir rétti sínum.“

Leif lét þessi orð falla á fyrirlestri sem hann hélt á ráðstefnu Öryrkjabandalagsins „Að vita sjálfur hvar skórin kreppir“, sem haldinn var í september 2008 og lýsti mætavel viðfangsefninu að öryrkjar kæmu meira að sínum málum og tækju þau sem mest í eigin hendur. Eitt aðalræðuefnið á ráðstefnunni var svonefnd „notendastýrð aðstoð“, sem er þýðing á skandinavíska hugtakiinu „personlig assistanse (personlig service)“. Í rauninni er núverandi opinberu kerfi snúið á haus, segir Leif. Öllum hugtökum er bylt. Meginhugsunin er að veita þeim er þjónustuna hljóta aukid frelsi og sjálfstæði. Í raun fjallar notendastýrð aðstoð um mannréttindi.“ Og hann bætir við: „Fólk sem fatlast eða missir heilsuna að því leyti að það er talið öryrkjar, missir meira en hreyfigetu eða hlýtur líkamlegan skaða sem sviptir það frelsi á margan hátt. Öryrkinn verður ekki lengur manneskja í samfélaginu heldur sjúklingur til eilíðar. Hann heldur lífi en lifir án daglegs lífs og daglegra mannréttinda. Hann er stimplaður sem ævilangur sjúklingur sem er upp á aðra kominn. Í langan tíma hefur þessi sýn á fatlaðan einstakling eða öryrkja þótt rétt og eðlileg. Það spyrja fáir um andlega heilsu öryrkjans eða samfélagslegan missi hans. Hann hlýtur í mesta lagi vorkunn annarra sem honum þykir sjaldnast fýsilegur kostur. „Það að vera upp á aðra kominn er mikil glötun á persónulegu frelsi og sjálfstæði.“

„Á einu augnabliki lamaðist ég frá öxl og niður“

Leif viðurkennir fyrir mér að hann hafi ekki mikið velt þessum hlutum fyrir sér þegar hann var ungur og heilbrigður maður, framtíðin björt; var í góðri vinnu, átti heilbriggt og hamingjuríkt hjónaband með eigin fjölskyldu. „Það var eins og öll hamingja heimsins hefði verið færð mér að gjöf,“ segir hann. En svo breyttist líf hans á einu augnabliki. Árið 1973 var hinn 29 ára Leif Sylling á leið heim úr vinnu og ók bíl sínum í Östfold héraðinu sem liggur meðfram Oslófirði austanmegin. Skyndilega

missti hann stjórn á bílnum og lenti í hörðum árekstri við bíl sem kom akandi á fullri ferð á móti honum. Þegar búid var að klippa hann úr brakinu og koma honum á spítala var framtíð Leifs gufuð upp og skelfileg nútíð blasti við ásamt enn dekkri framtíð. Eftir fyrstu lækni skoðun var ljóst, að Leif var lamaður frá öxlum og niður. Fjölskylduharmeikur fylgdi í kjölfarið. Hjónaband þeirra hjóna brast og í kjölfar skilnaðar hélt eiginkonan tveimur börnum þeirra. Leif Sylling var alvarlega lamaður einstaklingur sem ekki virtist eiga nokkra framtíð. Hann missti einnig vinnuna. Hann var atvinnulaus, hafði ekki getað séð fjölskyldu sinni farborða og lenti í skilnaði. Einnig heimilislaus og heilsulaus. Allslaus.

„Mér voru gefnir aðeins tveir kostir: Þar sem ekki var komin nein sólarhringsþjónusta fyrir öryrkja eins og ég var orðinn, yrði ég að flytja til foreldra minna eða vera lagður inn á elliheimili,“ segir Leif og glottir við tilhugsunina. Og hann bætir við: „Ég hafði flutt að heiman árið 1964, þá tvítugur.“

Leif er fæddur í Drammen en ólst upp í Sylling í Lier. Hann er þriðji í röðinni af fjórum systkinum.

„Mér þótti það ekki góð tilhugsun að flytja aftur inn á foreldra mína áratugi eftir ég flutti þaðan, nú orðinn lamaður og þurfti mikla aðstoð sem ég vissi, að aldraðir foreldrar mínir voru ekki megnug að veita þótt þau væru öll af vilja gerð.“ Leif strýkur sér um burstaklipptan kollinn og heldur áfram lágum rómi: „Í stöðunni var því fátt annað að gera en að láta leggja sig tæplega þrítugan inn á elliheimili. Læknirinn sem annaðist mig sagði að skilnaði þegar hann útskrifaði mig: „Þú munt aldrei getað staðið upp aftur og þér er ekki ætlað lengra líf en tvö, í hæsta lagi þrjú ár“. Þetta var kannski ekki sú kveðjugjöf sem ég þurfti. En þannig var ég fluttur á elliheimilið þar sem ég átti að liggja í rúmi uns ég gæfi upp öndina. En þá sagði einhver innri rödd við mig að lífið væri ekki búid – alla vega ekki enn – og ég yrði sjálfur að berjast fyrst hjúkrunarfólk og heilbrigðiskerfi höfðu gefist upp. Á elliheimilinu kynntist ég nokkrum einstaklingum sem höfðu sömu eða líka sögu að segja og ég. Við hittumst daglega á kaffistofunni og spjölluðum saman. Við áttum margt sameiginlegt, m.a. að hafa öll verið talin af. Heimilið var til húsa í gamalli



Leif Sylling
og aðstoðarkona hans,
Neringa.

byggingu í Drammen (bær sunnan við Osló). Þessi dapra og dimma bygging var ekki beinlínis til að léttja skapið síðasta spölinn. Herbergin voru lítil og þröng og umskipti að vera fluttur úr rúmgóðu og hlýju einbýlishúsi með glaðlyndri, ástríkrri fjölskyldu í kalda, hvíta stofu innan um fjögur gamalmenni sem aldrei höfðu hist áður á ævinni. Og ekki neitt persónulegt í kringum neinn okkar, aðeins lögboðið náttborð, vesælt sjúkraútvarp, vekjari og pissuflaska í hillu á náttborðinu. Þetta var fremur nóturlegt umhverfi fyrir ungan mann um þrítugt að deyja í,“ segir Leif og hlær við. Hann lifir svo góðu og heilbrigðu lífi í dag að hann telur sig þess umkominn að hlæja að þessum dapurlegu endurminningum. En Leif og vinir hans dóu ekki eins og flugur í gluggakistu á elliheimilinu í Drammen. Þeir töluðu á hverjum degi um tilveru sína og umhverfi og það kerfi sem samfélagið hafði komið þeim fyrir í. „Það var eitthvað hræðilega rangt í þessu öllu,“ segir Leif. Við höfðum ekki aðeins misst heilsuna heldur var verið að drepa lífsgleði okkar og hæfileikann að halda áfram að takast á við lífið. Við höfðum öll verið hlutgerð, umsköpuð í anda heilbrigðisþjónustu og pólitískrar samfélagsgerðar sem vildi í raun losna við okkur sem fyrst.“

Skyndilega breyttist líf Leifs og félaga. „Allt í einu fórum við að lifa,“ segir Leif. Hann útskýrir að hann hafi komist yfir upplýsingar um samtök sem kölluðu sig Independent Living og héldu til í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

Independent Living

Independent Living – eða Sjálfstætt líf – var hreyfing sem spratt upp úr jarðvegi upphafs sjöunda áratugarins í Bandaríkjunum. Upphaflega voru það þrír öryrkjar, ungir menn, sem sneru heim úr Víetnamstríðinu, illa fatlaðir eftir herþjónustu í hinu fjarlæga Asíuríki, sem áttu hugmyndina að breyttu lífi fatlaðra. Þeir bjuggu allir á hjúkrunarheimili í Kaliforníu en fóru fram á það, að þeim yrði séð fyrir húsnæði þar sem aðgengi yrði þeim auðvelt og aðstoð við að stunda nám við Kaliforníuháskólann. Þessi aðgerð þeirra varð stofnun hreyfingarinnar Independent Living. Þessi hreyfing náði mikilli fótfestu meðal fyrrverandi hermanna

í Víetnam sem tóku á næstu árum að streyma tilbaka til Bandaríkjanna flestir mikið skaddaðir. Aðrir öryrkjar sem ekki höfðu stundað herþjónustu tóku einnig þátt í samtökunum. Þegar leið á áttunda áratuginn voru margir þessara einstaklinga orðnir virkir víðs vegar í heilbrigðiskerfinu í Bandaríkjunum.

Grunnhugsunin hjá I.L. er sú að einstaklingurinn taki stjórnina á eigin lífi. Þótt einstaklingurinn eða „neytandinn“ (the consumer) eins og Bandaríkjamenn nefndu fljótlega þann aðila sem fékk þjónustuna, fengi lækniástoð að mörgu leyti eins og lyfjagjöf og rannsóknir, var höfuðáhersla lögð á sjálfstæði og ákvörðunarvald yfir eigin lífi. Neytandinn (í Skandinavíu er orðið „borgari“ yfirleitt notað). Yfirleitt nota menn öll nöfn frekar en sjúklingur“ eða „skjólstæðingur.“ Þetta er liður í þeirri hugmyndafræði að öryrkjar séu ekki hefðbundnir sjúklingar heldur einstaklingar með ákveðna skerta getu sem bæði vilja og geta lifað sem eðlilegustu lífi með frelsi og sjálfstæði. Eitt af verkefnum er því að „af-læknisvæða“ örorku. Þannig er lögð áhersla á mannréttindi neytandans, valfrelsi og sjálfstæði.

Nýir straumar 7. áratugarins

Independent Living hugmyndafræðin spratt upp úr ýmsum straumum sem sköpuðust á sjöunda áratuginum, eins og neytendahreyfingunni, kynþáttabaráttu blökkumanna, AA-hreyfingunni (þar sem alkóhólistar hjálpa hverjum öðrum en ekki fagfólk). Þá má nefna hugmyndir sem höfnun á stofnanahyggju og afneitun á lyfja- og læknatru. Það voru þessar hugmyndir sem bárust frá Kaliforníu upp í hendur félaganna á elliheimilinu í Drammen. Þær gjörbreyttu lífi þeirra. Þeir ákváðu að stofna til sambærilegra samtaka í Noregi. Samtökin um neytendastýrða aðstoð sem neytandinn stýrði sjálfur – fæddust um líkt leyti í Danmörku og Svíþjóð og víða um Evrópu en bárust aldrei til Íslands.

Leif segir frá því að hluti af þessum hópi í Drammen hafi ekki aðeins orðið stofnendur að ULOBA en það nafn fékk norska hreyfingin sem er stytting yfir neytendastýrða aðstoð eða borgaralega aðstoð eins og Norðmennirnir kölluðu samtökin, heldur

Þetta er mitt líf

Rætt við Leif Sylling, stofnanda ULOBA (notendastýrðrar þjónustu) í Noregi

urðu þeir helstu hugmyndafræðingar hreyfingarinnar og fyrstu starfsmenn á skrifstofu samtakanna. Sjálfur var Leif fyrsti framkvæmdastjóri ULOBA eftir að samtökin voru formlega stofnuð 1991. Hann var allan tímann í vinnuhópi um einstaklingsmiðaða þjónustu allt frá 1980. Enn vinnur Leif við ULOBA. Hann er nú yfirráðgjafi hjá samtökunum. Það þarf aðeins að hitta Leif til að skilja hina einstöku ævi hans. Frá því að vera dæmdur til dauða tæplega þrítugur, hitti ég grannan og hressilegan 64 ára gamlan mann sem brosir og hlær allan tíman þótt hann ræði grafalvarleg efni. Hann er auðvitað alvarlega lamaður og gerir sér vel grein fyrir því að það mun ekki breytast sem eftir er ævinnar. En hann segist lifa skemmtilegu og gefandi lífi. „Mig skortir í raun ekkert. Ég lifi góðu og sjálfstæðu lífi,“ segir hann. „Og ég hef endurheimt sjálfstæði mitt og sjálfsvirðingu.“

Aðstoðarmaður hans, eða réttara sagt aðstoðarkona, heitir Neringa og er upprunalega frá Litháen. Eiginmaður hennar er Hollendingur en bæði búa þau í Noregi. Leif hlær þegar hann hlustar á vinkonu sína útskýra fjölskyldusögu sína: „Nú á dögum er ástin fjölþjóðleg,“ segir hann brosandí. Og bætir við: „Það góða er samt að þau enduðu í góðu landi, Noregi.“ Neringa kinkar kolli til samþykkis.

Neringa frá Litháen

Neringa segist hvorki vera menntuð sjúkráþjálfari né hjúkrunarfræðingur. „Við krefjumst engrar sérmenntunar aðstoðarfólks í ULOBA,“ segir Leif. Neringa segist hafa hafa farið á námskeið hjá samtökunum og lært undirstöðuatriðin í starfi sínu. Vinátta og andleg tengsl eru sennilega það mikilvægasta segja þau bæði. Það er auðvelt að sjá. Neringa aðstoðar Leif fyrirhafnalaus við allt sem þarf án mikilla skipana eða samtala. Hún er greinilega farin að þekkja hann vel. Hún flaug með honum til Íslands. Þau fóru ferð til Þingvalla, Gullfoss og Geysis í góðu haustveðri. Þessi ferð heitir hjá íslensku ferðaskrifstofunum „The Golden Circle.“ Þau keppast um að lýsa fegurðinni fyrir mér. Ég get ekki annað en brosað að ákafa þeirra. Þau eru eins og unglingar. Ég spyr þau hvort tengsl þeirra séu ekki orðin eins og hjónaband eldri hjóna? Þau horfa forviða á mig og fara að hlæja. Ég umörða spurninguna og spyr í staðinn hvort þau séu orðin leið á hvort öðru? „Nei,“ segja þau nær samtímis. Leif bætir við: „Við erum hins vegar ekki alltaf sammála og rífumst stundum.“ „Það er bara gott fyrir alla sanna vinátta,“ botnar Neringa.

Leif situr í hjólastól og hefur breitt belti um sig miðjan til að halda sér betur sitjandi uppréttur. Hann er með ýmis hentug hjálpartæki til viðbótar, eins og breiða álhringi um úlnliði þar sem hann getur stungið í gaffli og hníf sem gerir honum kleift að borða þar sem allir fingur eru lamaðir og aflvana. Við fáum okkur

hádegismat saman. Neringa situr við hlið hans og aðstoðar hann. Samt furðu lítið því Leif er þrátt fyrir allt ótrúlega sjálfstæður. En auðvitað finnst honum öryggi að hafa aðstoðarkonuna sér við hlið. „Það er henni fyrir að þakka, að ég gat flogið hingað og ferðast yfirleitt,“ segir Leif.

Neringa brosir og dregur úr öllu hrósi en hellir kaffi í bollana okkar. En það er að þau eiga þrautþjálfað samstarf. Allt rennur áreynslulaust fram á milli þeirra. Það er eins og Leif lesi hugsanir mínar: „Þetta er einn aðalkosturinn að hafa alltaf sama aðstoðarmanninn daglega en ekki hinar öru mannaskiptingar eins og kerfið býður upp á. Það myndast bæði tengsl, vinátta og dýrmætt samstarf sem ekki gerist þegar maður fær mismunandi aðstoðarmenn sem eru sérmenntaðir af kerfinu fyrir kerfið en minna fyrir neytandann sem um leið er sviptur sjálfstæði og eigin vilja. Hann er sviptur mannréttindum. Það er vont að gerast öryrki, yfirleitt á andartaki. En kannski er það versta að vera sviptur mannréttindunum samtímis,“ segir Leif.

Að eiga eigið líf og sjálfstæði

Sem fyrsti framkvæmdastjóri ULOBA og starfsmaður hjá samtökunum er hann öllum hnútum kunnugur. „Í grundvallaratriðum er neytandanum eða borgaranum gefinn kostur á að hafa meiri áhrif á eigið líf og sjálfstæði yfir eigin tilvist. Hann lifir skertri tilvist og þarf aðstoð. Sú aðstoð sem kerfið hefur boðið upp á, byggist á þeirri uppbyggingu að neytandinn er tekinn sem viljalaus sjúklingur sem er látinn víkja fyrir þörfum kerfisins. Þannig er það kerfinu hagstæðast að senda sömu manneskjuna til margra neytenda á degi hverjum en síðan er annar aðstoðarmaður hvort sem er í hjúkrunarhjálp eða heimilishjálp látinn fara hringinn á næstu vakt. Neytandinn upplifir því sífelldan straum aðstoðarmanna gegnum híbýli sín sem hann nær mismiklum tengslum við og sem hann hefur almennt mismunandi áhuga á að tengjast. Neytandinn upplifir sig sem aukapeð í stórrí kerfisskák. Þarfir aðstoðarmannanna og skipulag kerfisins eru teknar framfyrir þarfir og óskir neytandans. Þannig kemur aðstoðarmaðurinn á ákveðnum tíma á morgnana hvort sem neytandinn kys eða ekki. Hann fær ekki að sofa út. Hans svefnóskir verða að víkja fyrir hörðu skipulagi kerfisins. Þetta þekkja allir sem hafa legið á spítala. Neytandinn fellur úr sínu eigin lífi. Hann hefur engar uppfylltar óskir og allar kröfur eru ósanngjarnar kröfur. Hann á að þegja og þiggja. Hann er fullkomnlega valdalaus peð. Í maskínu heilbrigðiskerfis sem virðist vera byggt í kringum allt og alla nema hann sjálfan. Neytandinn á alltaf að horfa upp til hjúkrunarfólks og valdamanna og þakka. Samningsstaða neytandans og sjálfstæði er ekkert. Aðstoðarmenn kerfisins hafa stutta viðdvöl hjá hverjum og einum neytenda og

*Þá sagði einhver innri rödd
við mig að lífið væri ekki
búið – alla vega ekki enn –
og ég yrði sjálfur að
berjast fyrst hjúkrunarfolk
og heilbrigðiskerfi höfðu
gefist upp.
Á elliheimilinu kynntist ég
nokkrum einstaklingum
sem höfðu sömu eða líka
sögu að segja og ég. Við
hittumst daglega á
kaffistofunni og spjölluðum
saman. Við áttum margt
sameiginlegt, m.a. að
hafa öll verið talin af.*

hafa mjög takmörkuð hlutverk sem eru teiknuð upp af kerfinu. Ef neytandinn vill fá sér kaffibolla með aðstoðarmanni, ræða fréttir eða mynda upplýftandi og mannleg samskipti er honum neitað um slíka óþarfa „vitleysu.“ Þar sem neytandinn er sjúklingur með takmarkaða verkefnaskyldu krefst kerfið þess, að aðstoðarmaðurinn framkvæmi sitt ákveðna hlutverk fljótt og haldi áfram. Þetta og meira til gerir það að verkum að neytandinn einangrast í þeirri aðstoð sem honum er veitt. Það er þessari uppbyggingu kerfisins sem neytendastýrð aðstoð vill breyta. Smám saman þróaðist sú hugmynd, að kerfispýramídanum yrði snúið á haus. Neytandinn sem hafði ætíð verið neðstur í uppbyggingunni varð þá efstur og sá mikilvægasti um leið. Neðst urðu sérfræðingar, læknar og annað hjúkrunarfolk. Neytandinn varð mikilvægari en sérfræðingarnir enda var hugmyndin jú sú, að kerfið átti að gagnast neytandanum fyrst og fremst en ekki læknum, hjúkrunarfræðingum, sjúkrafraeðingum og öðrum í kerfinu. Eða hvað?”

Uppbygging og rekstur neytendastýrðar aðstoðar

ULOBA er rekið sem sameignarfélag, samtökin kenna neytendum að reka sína starfsemi, setja upp rekstrarreikning og skipuleggja starfsemina. Samtökin hjálpa einnig neytandanum við rekstraráætlun. Á grunni slíkrar áætlunar sækir sameignarfélagið (ULOBA) um peninga, yfirleitt til viðkomandi sveitarfélags en stundum einnig til ríkis. Ef peningar ganga af í lok vinnutímabils, ber atvinnurekanda að skila þeim til sameignarfélagsins. Atvinnurekandinn ber einnig að leggja fram alla rekstrarreikninga. Starfsemin sé gróðalaus rekstur (non profit samvinnufélag). Endurskoðendur á vegum sameignarfélagsins fara yfir alla reikninga einstakra atvinnurekanda. Fylgi atvinnurekandi ekki þessum reglum er honum bannað að sækja aftur um peninga. „Hingað til hefur öllum okkar reglum verið hlýtt,“ segir Leif með brosi.

En skyldu sveitastjórnir vera ánægðar með að láta frá sér völd og peninga á þennan hátt? Leif segir að svo sé. „Reynslan hefur sýnt að sveitastjórnir hafa sparað verulegar upphæðir við þessa nýju tilhögun. Þær losna við mikinn rekstrarkostnað á ýmsum sviðum. Ríkið hefur einnig stutt ULOBA kerfið.”

Þegar ég kveð Leif Sylling að lokum, segir hann brosandi við mig: ULOBA hefur frá upphafi ætlað sér að brjóta niður þær hindranir sem samfélagið hefur reist þannig að „borgarar“ sem þurfa stuðning fái frelsi til að lifa sjálfstætt. Þess vegna berjumst við gegn sjúkdómavæðingu, stofnanavæðingu og sérfræðivæðingu.“ Og bætir við: „Trúðu mér, ég hef séð ótrúlega hluti gerast, hluti sem má líkja við kraftaverk, eftir að borgarar hafa kynnst ULOBA kerfinu.“

Texti og mynd: Ingólfur Margeirsson



Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargra Ísf afhendir Lisu Z. Valdimarsdóttur glæsilega Hondu sem var fyrsti vinningur í Sumarhappdrætti Sjálfsbjargar.

Sumarhappdrætti Sjálfsbjargar:

Stóri vinningurinn til Akureyrar

Á stofndegi Sjálfsbjargar Ísf, 4. júní var dregið í sumarhappdrætti landssambandsins.

Margir góðir vinningar voru í boði og var fyrsti vinningur bíll að verðmæti 3 milljónir frá Bernhard ehf bílaumboðinu. Að þessu sinni var það heppinn miðaeigandi á Akureyri, Alice Emma Zackrisson, sem hlaut stóra vinninginn. Alice er eiginkona Valdimars Péturssonar sem margir Sjálfsbjargarfélagar þekkja fyrir störf í þágu Sjálfsbjargar, bæði félagsins á Akureyri og eins fyrir landssambandið, en hann hefur lengi verið skoðunarmaður ársreikninga Sjálfsbjargar. Dóttir þeirra Lísu Z. Valdimarsdóttir tók við bílnum. Stjórn Sjálfsbjargar Ísf óskar vinningshafanum til hamingju með bílinn, og öðrum vinningshöfum með sína vinninga, um leið og hún þakkar öllum þátttakendum í happdrættinum fyrir stuðninginn.

Stofnfundur NPA miðstöðvarinnar

Miðvikudaginn 16. júní 2010, var stofnfundur NPA miðstöðvarinnar haldinn.

Fundurinn var fjölmennur og var 15 manna lágmark stofnfélaga rúmlega tvöfaldað því að 33 manns gerðust stofnfélagar á fundinum. NPA verður opið öllu fötluðu fólki á landsvísu, sem hefur þörf fyrir aðstoð til daglegra athafna. Fundinum var stýrt af Ragnar Gunnari Þórhallssyni. Á fundinum voru sérfræðingar frá KPMG m.a. til að svara ýmsum spurningum sem upp komu á fundinum. Stofnfélagar kusu stjórn NPA miðstöðvarinnar á fundinum og var Hallgrímur Eymundsson kosinn formaður. Á netsíðu miðstöðvarinnar www.npa.is segir m.a. um þjónustu miðstöðvarinnar: Veitir fötluðu fólki,

sem kýs að nota beingreiðslur, aðstoð við að sækja um beingreiðslur (eða auka þær) hjá opinberum aðilum. Miðstöðin veitir einnig ráðgjöf við gerð sjálfsmats á þjónustubörf og undirbúning þess að verða stjórnandi eigin aðstoðarfólks. Þegar réttur til að fá NPA þjónustu er fenginn getur þú orðið félagsmaður í NPA miðstöðinni og fengið eftirfarandi þjónustu: Aðstoð og ráðgjöf við starfsmannamál, svo sem að auglýsa eftir aðstoðarfólki, við ráðningar, launa- og skipulagsmál og fjölmörg praktísk atriði. Fræðslu, þ.m.t. jafningjafraðslu og ráðgjöf við að vera í hlutverki stjórnanda aðstoðarfólks. Fræðslu og ráðgjöf fyrir aðstoðarfólk.




Stjórn NPA miðstöðvarinnar ásamt varamönnum, frá vinstri Ágústa Eir Gunnarsdóttir, Gísli Björnsson, Freyja Haraldsdóttir, Hallgrímur Eymundsson, Embla Ágústsdóttir, Rúnar Björn Þorkelsson, Aldís Sigurðardóttir og Ásdís Jenna Ástráðsdóttir.

Baráttumál Sjálfsbjargar í hálföld

Á landsþingi Sjálfsbjargar var lögð fram ályktun sem hafði yfirskriftina Frumvörp til laga um mannvirki og til skipulagslaga. Í henni segir að lagafrumvörp um mannvirki og til skipulagslaga séu til meðferðar á Alþingi. Þetta varðar aðalbaráttumál Sjálfsbjargar í hálföld; baráttunni fyrir því að ryðja manngerðum hindrunum úr vegi í byggingum og umhverfi og tryggja aðgengi og mannréttindi allra borgara í samfélaginu. Sjálfsbjörg skorar á Alþingi að samþykkja lög um skipulagsmál og mannvirki sem sameina fólk en aðskilja ekki; skipulag og mannvirki sem ekki uppfylla þessi skilyrði valda fólki fötlun; skapa tæknilegar hindranir fyrir fólk. Hönnun fyrir alla á að vera leiðarljós.

Sjálfsbjörg álitur að fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þær ráðstafanir, þ.m.t. lagabreytingar er gerðar verða í tengslum við fullgildinguna, styðji vel við markmið lagafrumvarpanna, en metur það svo að löggjöf sem bannar mismunun á grundvelli skerðingar einstaklinga sé einnig nauðsynleg hér á landi.

| | | | | | | | | | | | | | | |
|--|----------------|------------------|------------------|---------------------|-----------------|--------|--------------------|--------------------|-----------------|--------------------|-------------|--------------------------------|-------|--------|
|  | | | | hitar | þrúgar | flæmdi | | uppistaða | frá | drykkurinn | mangað | 2 eins | | |
| | | | → | | | | | | | | | | | vitund |
| | | | boka | | | | ógöngur | | | | | | | |
| Tekning Halldór Andri effiprentun bónnuð | ↓ | ákafan | kexið dýrahl. | | | 4 | | | tónn | | | agnir | | |
| fuglar | | | | | | | dreng- skapur | eldfjallið mjög | 11 | | | | | |
| áhalð | | | 5 | | borðandi | | | | ógná | | | | 14 | |
| 2 eins | | | 2 eins | hindrunar garg | 13 | | | | 7 | | | málm- inum | elska | |
| þý | | | | | hast gunga | | | | starf matist | | | | | |
| þjóð | | | | | | | viðurinn | | | | | utan síðastur og fyrstur | | |
| | | málmi | slaka | | | | | þoka | | fugl | | | | |
| maður | | | | | | | vandan verktæri | | | 8 | | | tónn | |
| | ↓ | | takast | áttund strákapör | | | | iþr.fél. endir | | tíma- bilið | 49 ratar | | | |
| óska | | | | | 1050 traust | | | 6 | rót | háskann | | | | |
| | ↘ | | | | | | | | | | | | lamað | |
| hækkun | 12 | | | | lota hnuplið | | | | | iþr.fél. reifar | | tindi | | |
| | upp- trekka | loddara hraði | | | | | | skryðast mublu | | | | | | |
| tjúlluð | | | utan nudda | | | | brák | | | | | sögupers. kvak | | |
| rök- festast | | | | | | | 1 | | eldsneyti | 10 | gljúfur | | | |
| treystið | | | 2 | | | | þurta- lingana | | | | | | | |
| skiltugt | | | | | | krats | 3 | | | | her | 9 | | |

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|----|----|----|----|----|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|----|----|----|----|----|



Hringsjá

Náms- og starfsendurhæfing

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Námskeið sem opna þér nýjar leiðir

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing býður mikið úrval af öðruvísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Námskeiðin eru sniðin fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem hafa verið frá vinnumarkaði eða námi vegna slysa, veikinda, félagslegra erfiðleika eða annarra áfalla. Námskeiðin geta líka hentað þeim sem hafa litla grunnmenntun eða hafa átt erfitt með að tileinka sér hefðbundið nám.

Um er að ræða eftirfarandi námskeið:

Bókhaldsnámskeið – hagnýtt námskeið fyrir þá sem stefna á frekara nám eða skrifstofustörf

Excel fyrir byrjendur

Þátttakendur læra að setja upp tölur á vinnublaði og læra að beita einföldum reiknireglum. Kenndar eru helstu vinnuáferðir og að útbúa myndrit.

Enska fyrir byrjendur

Námskeiðið er fyrir þá sem hafa átt mjög erfitt með að læra ensku/önnur tungumál. Notast er við myndrænar og óhefðbundnar aðferðir sem nýst hafa vel á öðrum sviðum. Áhersla er lögð á að bæta orðaforða og að auka sjálfstraust nemenda.

Fjármál einstaklinga

Fjármál á mannamáli! Námskeiðinu er ætlað að veita þátttakendum yfirsýn yfir eigin fjármál og auka fjármálalæsi.

Minnistækni

Kennd er tækni til þess að efla og bæta minnið. Námskeiðið hentar þeim sem eiga við hversdagsgleymsku að stríða, hafa skert minni eftir veikindi eða áföll eða vilja bæta minni sitt af öðrum ástæðum.

Stærðfræði fyrir byrjendur

Námskeiðinu er ætlað að skapa áhuga á stærðfræði og jákvætt viðhorf. Kennsluáferðir eru nýstárlegar þar sem nemendur læra að meðhöndla tölur með áþreifanlegum hætti í skemmtilegum æfingum. Beitt er óhefðbundnum aðferðum í kennslunni.

Sjálfstyrking

Námskeiðinu er ætlað að efla getu nemenda til að tjá sig og vera til. Þetta verður gert á skemmtilegan og líflegan hátt og nemendur öðlast þjálfun í öruggri framkomu.

Tölvugrunnur

Kennd er tölvunotkun fyrir byrjendur og lengra komna. Farið er í Windows umhverfið, ritun og útlitsmótun texta, Internetið, tölvupóst, teikningu, skjalaumsjón og fleira.

Næstu námskeið eru að hefjast!

Frekari upplýsingar og skráning hjá Hringsjá í síma 510-9380 eða á www.hringsja.is